



ÁRSSKÝRSLA

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS



2025

Skipulag Sláturfélags Suðurlands svf. 31.12.2025

Stjórn:

Hallfreður Vilhjálmsson, Kambshóli, formaður
Guðrún S. Magnúsdóttir, Bræðratungu, varaformaður
Lilja Guðrún Eyþórsdóttir, Vestri-Reyni, ritari
Sverrir Gíslason, Kirkjubæjarklaustri 2
Þorsteinn Logi Einarsson, Egilsstaðakoti

Varastjórn:

Áslaug Finnsdóttir, Hömrum
Eiríkur Jónsson, Gýgjarhólskoti I
Guðmundur H. Davíðsson, Miðdal
Gunnar Sigurjónsson, Litla-Hofi
Magðalena Karlotta Jónsdóttir, Drangshlíðardal

Skoðunarmenn:

Finnur Pétursson, Káranesi 2
Jónas Erlendsson, Fagradal

Varaskoðunarmenn:

Ingibjörg Harðardóttir, Björk II
Ragnar Lárusson, Stóra-Dal

Endurskoðunarnefnd:

Finnur Pétursson, Káranesi 2
Jónas Erlendsson, Fagradal
Sverrir Gíslason, Kirkjubæjarklaustri 2

Forstjóri:

Steinþór Skúlason

Forstöðumenn aðaldeilda:

Sveinn Rafn Eiðsson, fjármáladeild
Benedikt Benediktsson, framleiðsludeild
Steinþór Skúlason, sölu-/markaðsdeild

Guðmundur Svavarsson, framkvæmdastjóri Reykjagarðs hf.
Ögmundur Rúnar Stephensen, framkvæmdastjóri Holtt og gott ehf.

Umsjón: Fjármáladeild SS

Mynd á kápu: Faxi (Vatnsleysufoss) í Bláskógabyggð - Ljósmynd: Jóhann Markús Hjaltason

Hönnun: Jóhann Markús Hjaltason

Prentun: Skyndiprent - umhverfisvottuð prentsmiðja

Prentað á umhverfisvænan pappír





SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS SVF.

ÁRSSKÝRSLA


2025

**119. STARFSÁR
AÐALFUNDUR 20. MARS 2026**

Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	4
Afkoma ársins	5
Fjöldi sláturfjár og meðalþungi dilka	10
Lykiltölur úr samstæðureikningi	11
Ársreikningur samstæðunnar	13
Skýrsla stjórnar	14
Áritun óháðra endurskoðenda	17
Rekstrarreikningur	19
Yfirlit um heildarafkomu ársins	20
Efnahagsreikningur	21
Yfirlit um eigið fé	22
Yfirlit um sjóðstreymi	23
Skýringar með ársreikningi	24
Viðauki: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf	42
Stjórnarhættir	45
Stefnulýsing og starfshættir	47
Félagsdeildir og formenn	48

Ávarp forstjóra




Liðið ár var SS farsælt. Samstæða SS skilaði bestu afkomu fyrir skatta frá stofnun árið 1907. Þakka þer starfsfólki fyrir frábæra frammistöðu við krefjandi aðstæður.

Innan samstæðu SS batnaði afkoma móðurfélagsins og Holt og gott en afkoma Reykjagarðs dalaði lítillega en var eftir sem áður góð. Árið 2012 var sú stefna mótuð af stjórn að skila bændum hluta af hagnaði sem viðbót á afurðaverð. Á þeim árum sem síðan eru liðin hefur félagið greitt innleggjendum samtals 867 m.kr. sem viðbót á afurðaverð og tengt þannig saman hag bændna og hag félagsins. Nú í janúar greiddi félagið 100 mkr., sem uppbót á innleggsverð liðins árs og er því búið að greiða bændum 967 m.kr., umfram almennt innleggsverð, frá því að þessi stefna var innleidd.

Auk þess hefur stofnsjóður félagsmanna verið ávaxtaður vel undanfarin ár. Fyrir árið 2024 voru greiddir 10% raunvextir á A deild stofnsjóðs og tillaga stjórnar fyrir aðalfund er að greiða 15% raunvexti vegna liðins árs sem er langt umfram þá ávöxtun sem býðst á markaði. Með þessum hætti sýnir félagið í verki að það er fyrir bændur og í eigu bændna.

Fjárhagsstaða SS er það sterk að lítill munur er á ávöxtun handbærs fjár og innheimtum vöxtum og skuldavöxtum. Afkoma félagsins er þar með að stórum hluta óháð vaxtastigi í landinu sem gefur rekstrinum mikinn stöðugleika.



Það er sótt að innlendri framleiðslu kjöts og hlutdeild fer minnkandi. Til að verja hlutdeild innlendrar framleiðslu er mikilvægt að hagræða á öllum stigum framleiðslunnar. Margt hefur áunnist en gera þarf betur. Árið 1984 var sauðfé sláttrað í 13 sláturhúsum á starfssvæði SS en 7 þessara sláturhúsa voru í eigu SS. Eitt sláturhús, hús SS á Selfossi, er það eina sem starfar á þessu svæði í dag. Sambærileg hagræðing átti sér ekki stað á Norður- og Austurlandi en undanþága sem fékkst í búvörulög vorið 2024 og eignabreytingar í framhaldi af henni stuðla að því að svo verði. SS hefur ekki nýtt sér umrædda undanþágu.

Það eru krefjandi tímar og mikil óvissa í heiminum. Matvælaöryggi fær aukið vægi, því þegar á reynir er hver þjóð sjálfri sér næst. Mikilvægi innlendrar framleiðslu er því meira en áður og skilningur stjórnvalda og neytenda fyrir því. SS verður að leggja sitt af mörkum til að efla sig og styrkja og ná þannig að lækka kostnað með bættu skipulagi og aukinni vélvæðingu sem skilar sér í samkeppnishæfara matvælaverði.

Vinnustaðurinn er okkar annað heimili þar sem við erum um helming vökutíma virka daga. Innan fjölskyldu styður fólk hvort annað, leiðbeinir, sýnir umhyggju og ást. Á vinnustað gildir hið sama. Samstarfsfólk þarf að styðja hvort annað, leiðbeina og sýna samkennd er lífið færir okkur erfið verkefni sem gerist hjá okkur öllum. Slíkur vinnustaður er eining sem er sterkari en einstaklingarnir og stuðlar að vellíðan og árangri í krefjandi heimi. Þannig vinnustaður vill SS vera.

SS fagnaði nýlega 119 ára afmæli sínu og er eitt elsta fyrirtæki landsins. Meðalaldur fyrirtækja er ekki nema um 30 ár. Fyrirtæki falla fyrst og fremst vegna stjórnunarmistaka. Það ætlar SS ekki að gera og því er nýsköpun og aðlögunarhæfni innbyggð í menningu SS.

Félagsmönnum, starfsfólki og eigendum B hlutabréfa er þakkað gott samstarf á árinu.

Afkoma ársins

Samstæðuársreikningurinn samanstendur af ársreikningi Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélaga þess, Reykjarðs hf. og Holtt og gott ehf.

Á árinu 2025 var hagnaður af rekstri Sláturfélags Suðurlands 1.085,5 m.kr. en 871,8 m.kr. hagnaður árið áður. Aukin sala allra megin deilda, aðhald í innkaupum og starfsmannakostnaði, lækkun fjármagnsgjalda og aukning fjármunatekna skýra betri afkomu frá fyrra ári.

Rekstrartekjur samstæðu Sláturfélags Suðurlands voru 19.310,6 m.kr. árið 2025, en 17.747,8 m.kr. árið áður og hækka því um 8,8%. Aðrar tekjur voru 195,5 m.kr. en 113,4 m.kr. árið áður.

Vöru- og umbúðanotkun var 9.308,4 m.kr. en 8.677,6 m.kr. árið áður. Launakostnaður var 4.889,8 m.kr. en 4.601,2 m.kr. á fyrra ári. Annar rekstrarkostnaður var 3.439,4 m.kr. en 2.897,7 m.kr. árið áður. Afskriftir fastafjármuna og nýtingarréttar voru 567,0 m.kr. en 549,5 m.kr. á fyrra ári. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 1.301,5 m.kr., en 1.135,1 m.kr. árið áður.

Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld voru 30,4 m.kr., en árið áður voru fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur um 49,9 m.kr. Gengishagnaður var 19,9 m.kr. samanborið við 7,0 m.kr. árið áður. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagar var jákvæð um 8,7 m.kr.

Reiknaður gjaldfærður tekjuskattur er 255,1 m.kr. en 217,1 m.kr. árið áður. Hagnaður af rekstri ársins var 1.085,5 m.kr. en 871,8 m.kr. árið áður.

Í árslok 2025 voru heildareignir Sláturfélags Suðurlands bókfærðar á 15.437,9 m.kr. og hækkuðu um 11,3% frá fyrra ári. Fastafjármunir voru 8.077,8 m.kr. og hækkuðu um 3,2% milli ára. Veltufjármunir voru 7.360,1 m.kr. og hækkuðu um 21,7% milli ára.



Eigið fé var 9.297,2 m.kr. og hækkaði um 13,0% milli ára. Eiginfjárlutfall í lok ársins 2025 var 60,2% en var 59,3% á sama tíma árið áður. Langtímaskuldir og skuldbindingar voru 3.557,4 m.kr. og skammtímaskuldir voru 2.583,3 m.kr. Heildareignir Sláturfélagsins voru því fjármagnaðar þannig, að 16,8% voru skammtímalán, 23,0% voru langtímalán og skuldbindingar og eigið fé 60,2%.

Veltufjárlutfall var 2,8 í árslok 2025, en var 2,6 í árslok 2024. Arðsemi eigin fjár var 12,4% á árinu 2025, en 11,2% árið 2024.

Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir alls 637,7 m.kr. á árinu, en fyrir 644,6 m.kr. árið áður. Seldar voru eignir fyrir 66,3 m.kr. Á árinu var fjárfest í fasteignum fyrir 136,6 m.kr., vélum og tækjabúnaði fyrir 422,9 m.kr. og bifreiðum 78,2 m.kr.


Veltufé frá rekstri var 1.816,8 m.kr. árið 2025, samanborið við 1.683,6 m.kr. árið 2024.

Í árslok 2025 störfuðu 437 starfsmenn hjá samstæðu Sláturfélags Suðurlands sem er fjölgun frá árinu áður er þeir voru 419. Þegar starfsmenn voru flestir hjá félaginu í sláturtíð voru 540 á launaskrá. Unnin ársverk 2025 voru 446, en voru 448 árið áður.



Afurðir

Sauðfjárslátrun 1907 - 2025




SAUÐFÉ

Slátrun hófst á Selfossi þann 10. september og lauk 31. október. Alls var sláttrað 97.495 kindum á árinu, sem gera 1.790 tonn af innvegju kjöti og af þeim voru 8.421 af kind heimtekin. Meðalþungi innlagðra dilka var 18,5 kg en árið 2024 var hann 17,5 kg.

Heildarverðmæti innlagðra sauðfjárafurða á árinu 2025 var 1.550,16 m.kr. en var 1.438,2 m.kr. árið áður.

Á árinu 2025 voru flutt út 190 tonn. Birgðir kindakjöts í eigu afurðadeildar í lok ársins voru 1090 tonn á móti 1.126 tonnum árið áður.

Nautgripaslátrun 1907 - 2025



NAUT

Heildarslátrun nautgripa árið 2025 var 1.296 tonn af 6.161 sláturgripa og þar af var heimtaka 135 tonn.


Þetta er 24 tonna hækkun frá slátrun í fyrra.

Heildarverðmæti innlagðra nautgripaafurða á árinu 2025 var 992,8 m.kr. en var 941,0 m.kr. árið 2024.

Heildarsala nautakjöts á árinu 2025 var 1.164 tonn en var 1.137 tonn árið 2024.

Birgðir nautakjöts í eigu afurðadeildar voru 6,6 tonn í lok árs 2025 en engar árinu áður.

Hrossaslátrun 1907 - 2025



HROSS


Heildarslátrun hrossa árið 2025 var 464 tonn af 3.701 af sláturgripum og þar af var heimtaka og verktakaslátrun um 43,7 tonn. Þetta er 3 tonna aukning í slátrun frá fyrra ári.

Heildarverðmæti innlagðra hrossaafurða á árinu 2025 var 111,68 m.kr. en var 100,9 m.kr. árið áður.

Heildarsala hrossakjöts á árinu 2025 var 466 tonn á móti 405 tonnum árið 2024, þar af voru flutt út rúmlega 185,9 tonn umreiknað í kjöt í heilu.

Birgðir hrossakjöts í eigu afurðadeildar voru í árslok 11,78 tonn en voru 19 tonn árið áður.

Svinaslátrun 1907 - 2025



SVÍN


Heildarslátrun svína árið 2025 var 449,79 tonn af 5.117 af sláturgripum og þar af var heimtaka og verktakaslátrun um 33 tonn. Þetta er 155,21 tonna lækkun í slátrun frá fyrra ári.

Heildarverðmæti innlagðra svínaafurða á árinu var 288,2 m.kr. en var 373,2 m.kr. árið áður.

Heildarsala svínakjöts á árinu 2025 var 428 tonn en var 541 tonn árið 2024.

Birgðir svínakjöts í eigu afurðadeildar voru engar eins og árið áður.

Kjúklingaslátrun 2004 - 2025



KJÚKLINGAR

Heildarslátrun kjúklinga árið 2025 var 4.375,8 tonn. Þetta er 231,6 tonnum meira en í fyrra.

Heildarsala kjúklinga á árinu 2025 var 4530 tonn tonn sem er 228 tonnum meira en í fyrra.

	Sláturfjöldi		Br. milli ára	
	2025	2024	Stk.	%
Sauðfé	97.495	93.507	3.998	4,3%
Nautgripir	6.161	6.169	(8)	(0,1%)
Hross	3.701	3.612	89	2,5%
Svín	5.117	7.344	(2.227)	(30,3%)
Kjúklingar	2.464.299	2.396.098	68.201	2,8%



Afurðadeild

Afkoma batnaði á milli ára. Unnið er að þarfagreiningu og útfærslum á nýbyggingu fyrir stórgripaslátrun.

Stöðugt hefur verið unnið að endurbótum á núverandi húsnæði og búnaði sauðfjársláturhússins á Selfossi. Starfsmannahópurinn í sauðfjársláturtíð var að stórum hluta sá sami og undanfarin ár og gekk nokkuð vel. Stjórnun var fin og góður vinnuandi ríkti í stöðinni. Þetta skilaði góðri verkun, lítilli gæðafellingu og viðunandi afköstum. Áhersla hefur verið lögð á fullvinnslu afurða en í sauðfjársláturtíð fer fram úrbeining, pökkun og frýsting á Selfossi og Hvolsvelli í góðri samvinnu beggja stöðva. Nærri helmingur af öllu lambakjöti var úrbeinað og unnið í sölueiningar í sláturtíð.

Lítileg aukning varð á ungneytaslátrun á árinu, en kýrslátrun dróst aðeins saman. Framboð á nautgripum til slátrunar var lítið mestan part ársins en jókst seinni hluta ársins. Birgðir af vinnsluefni voru ekki miklar framan af ári en jukust síðari hluta ársins. Nokkrir biðlistar voru í hrossum í upphafi árs en líkt og áður var skortur um mitt ár en aftur bið eftir slátrun í lok árs. Hrossaslátrun jókst lítillega milli ára. Það er mikilvægt að jafna betur framboð slátruhrossa yfir árið svo hægt sé að afgreiða fastar vikulegar pantanir á fersku kjöti til erlendra viðskiptavina. Félagið hefur á undanförunum áratug þróað viðskiptasamband erlendis með ferskt hrossakjöt með góðum árangri. Fóladaslátrun jókst um 12% á milli ára en minnkun var í svínaslátrun. Sem fyrr leitast félagið við að veita bændum góða þjónustu.

Um árabíl hefur stöðin á Selfossi staðist ýrustu kröfur og úttektir þeirra innlendu og erlendu skoðunarmanna, yfirvalda og eftirlitsaðila sem hana hafa heimsótt. Þessar heimsóknir eru sumar fyrirvaralausar og óundirbúnar á meðan aðrar þarfnast gríðarlegs undirbúnings. Sú breyting er orðin á Selfossi að eftirlit hefur færst frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands yfir til Umhverfis- og orkustofnunar með aukinni vinnu og kostnaði.



Matvælaíðnaður

Matvælavinnsla SS á Hvolsvelli er í fararbroddi íslensks kjötiðnaðar þar sem framleiddar eru margar af þekktustu matvörum landsins úr afurðum félagsmanna. Fagmennska og gæði eru í fyrirrúmi, sem endurspeglast í áherslum á fagþekkingu og fræðslu til starfsmanna og metnaðarfullri gæðastefnu.

Áhersla er á frekari uppbyggingu starfseminnar á Hvolsvelli með úrbótum og fjárfestingu í nýjum búnaði. Fjárfest var á árinu í nýjum tækjabúnaði fyrir suðu sem gerir okkur kleift að breyta flæði í vinnslunni og færa til pökkunardeild sem mun auka hagkvæmni.

Matvælavinnslan hefur um árabíl verið í A-flokki frammistöðuflokkunar Matvælastofnunar, sem felur í sér að stofnunin telur að starfsstöðin viðhafi bestu mögulega starfshætti til að framleiða örugg matvæli. Unnið er að innleiðingu rafræns gæðaskráningarkerfis sem auðveldar enn frekar gæðaeftirlit, rekjanleika og utanumhald um flókna framleiðsluferla.



Innflutningur



Það er mikill styrkur fyrir SS að vera í góðu samstarfi við nokkra af helstu framleiðendum heimsins á matvöru. Flestir eru leiðandi á sínu sviði og í stórum neysluflokkum eins og t.d. Barilla með pasta, sósur og pestó, Mutti í tómátvörum og Mars með þekktustu vörumerki í heiminum á súkkulaði t.d. Snickers og M&M's.

Sala á síðasta ári gekk mjög vel og góð söluaukning bæði í smásölu og á fyrirtækjamarkaði. Starfsemin er vaxandi og góð tækifæri til enn frekari vaxtar með núverandi vöruframboði og mjög spennandi valkostum sem eru til skoðunar.

Innflutningur á búrekstrarvörum fyrir bændur er áfram vaxandi hluti í starfsemi félagsins og á sér orðið nokkuð langa sögu en innflutningur á áburði frá Yara hófst fyrir rúmum aldarfjórðungi síðan. SS er leiðandi á áburðarmarkaði með einkorna Yara áburð.



Sala á Dolomite Mg-kalki í lausu frá Franzefoss Minerals og hörpuðum skeljasandi gekk vel á árinu. Mikil þörf er fyrir aukna kölkun jarðvegs hjá bændum til að bæta enn frekar uppskeru og lækka til lengri tíma kostnað við gröffóðuröflun. Niðurstöður jarðvegssýna eru farnar að sýna jákvæða þróun hjá þeim bændum sem hafa kalkað, þar sem sýrustigið er tekið að hækka. Samstarf SS við dlg í Danmörku gekk vel með sölu á kjarnfóðri og ýmsum fóðurtengdum bætiefnum. Tekist hefur með samningum og hagræðingu í ferlum tengdum innkaupum á fóðri að halda verði óbreyttu frá því í september 2023. Með þessu hefur tekist að tryggja bændum fyrirsjáanleika og auðvelda þeim að gera rekstraráætlanir.

Sala á rúlluplasti gekk einkar vel og sala á sáðvörum er sívaxandi. SS rekur verslun á Hvolsvelli – með búrekstrarvörur auk öflugrar netverslunar, buvorur.is.



Reykjagarður hf

Reykjagarður hf. er markaðsdrifið framleiðslufyrirtæki í landbúnaði, sem sérhæfir sig í alifuglabúskap, slátrun og vinnslu kjúklinga og sölu og þjónustu með ferskar og eldaðar kjúklingaafurðir.

Velta Reykjagarðs jókst talsvert og nam tæpum 5,5 milljörðum króna árinu 2025. Afkomuþróun félagsins er áfram jákvæð og fjárhagsleg staða sterk. Hvor tveggja hefur verið nýtt til að byggja undir framtíðarstarfsemi þess. Tvö ný eldishús voru tekin í notkun á árinu og miklum fjármunum varið til endurbóta og viðhalds eldri húsa og búnaðar. Þá var unnið að undirbúningi nýrrar kjötvinnslu á Hellu.

Staða félagsins á markaði er góð og lítilsháttar aukning varð á hlutdeild þess í kjúklingaslátrun á landsvísi. Áfram er samkeppni á kjötmarkaði einkum frá innfluttu hráefni, sem flutt er til landsins á lágum eða engum tollum og fullunnið hérlandis. Reykjagarður er stoltur þátttakandi og merkir framleiðsluvörur sínar með upprunamerkinu „Íslenskt staðfest“, enda liggur samkeppnisforskot félagsins fyrst og fremst í íslensku hráefni, en ekki síður í fagmennsku, vöruþróun, gæðum og þjónustu. Félagið og vörumerki þess njóta trausts og velvildar meðal viðskiptavina. Vörur sem tilbúnar eru til neyslu njóta vaxandi vinsælda og eldaðar vörur undir merkjum „Heimshorn Holta“ hafa notið velgengni á smásölumarkaði.



Holt og gott ehf

Holt & gott framleiðir og selur salöt, sósur og fjölbreyttar matvörur unnar úr grænmeti og ávöxtum, ásamt öðrum vörum sem tengjast starfsemi félagsins. Félagið starfar bæði á smásölumarkaði og fyrirtækjamarkaði og þjónustar meðal annars verslunarkeðjur, veitingastaði og mótuneyti.

Á árinu hefur markviss fókus verið lagður á að styrkja rekstrarlegan grunn félagsins. Áhersla hefur verið á bætt skipulag í framleiðslu, skýrari verkferla, einföldun vöruúrvals og aukið kostnaðareftirlit, með það að markmiði að bæta rekstraröryggi og nýtingu fjármuna og mannauðs. Sú vinna hefur skapað traustari forsendur fyrir áframhaldandi uppbyggingu.

Jafnframt hefur félagið lagt áherslu á markvissa vöruþróun í takt við markaðsparfir, þar sem megináhersla hefur verið á þróun sértækra vara og lausna í samstarfi við viðskiptavini. Nýjar vörur hafa verið þróaðar og núverandi vörur endurskoðaðar með áherslu á skilvirkari framleiðslu og betri framlegð.

Sala á fyrirtækjamarkaði jókst á árinu og stuðlaði að betra jafnvægi í tekjustoðum félagsins. Félagið telur jafnframt tækifæri felast í frekari uppbyggingu á smásölumarkaði þegar rekstrarlegur grundvöllur og vöruúrval styður við slíka þróun. Stefna félagsins er að byggja upp vöxt í áföngum og í takt við rekstrargetu og markaðsaðstæður.



Fjöldi sláturfjár og meðalpungi dilka

	2025		2024	
	stk.	kg.	stk.	kg.
Öræfadeild	3.621	18,5	3.887	17,7
Hörgslandsdeild	3.233	18,2	3.130	17,2
Kirkjubæjarsdeild	2.888	17,4	2.862	17,7
Skafartungudeild	4.881	17,7	4.763	17,6
Álftavers- og Meðallandsdeild	4.118	18,2	4.345	17,7
Hvamsdeild	1.990	18,4	2.134	17,7
Dyrhóladeild	1.563	17,2	1.444	16,0
A-Eyjafjalladeild	1.625	19,5	1.604	18,5
V-Eyjafjalladeild	2.724	18,2	2.803	16,7
A-Landeyjarsdeild	962	18,5	968	17,1
V-Landeyjarsdeild	1.935	17,7	1.966	16,7
Fljótshlíðar- og Hvolshreppsdeild	5.586	18,9	5.655	18,4
Rangárvalladeild	3.373	18,5	3.324	17,1
Holta- og Landmannadeild	5.580	18,5	5.912	17,6
Ása- og Djúpsárdeild	2.562	18,9	2.622	17,0
Gaulverjabæjarsdeild	546	18,9	603	17,2
Árborgardeild	1.315	17,8	1.185	16,9
Hraungerðisdeild	1.806	18,9	1.813	17,9
Villingaholtsdeild	1.479	18,4	1.529	16,1
Skeiðadeild	1.990	18,7	1.952	17,2
Gnúpverjarsdeild	2.205	18,9	2.070	18,0
Hrunamannadeild	4.298	19,3	4.099	18,6
Biskupstungnadeild	4.184	19,7	4.261	19,5
Laugardalsdeild	683	19,3	552	18,3
Grímsnesdeild	1.235	18,0	1.382	17,2
Þingvalla- og Grafningsdeild	2.780	19,8	2.242	18,0
Ölfusdeild	1.214	18,8	1.421	18,0
Kjósardeild	1.552	20,0	948	19,9
Hvalfjarðardeild	4.541	17,7	4.478	16,7
Borgarfjarðar- og Mýradeild	3.969	18,0	3.061	16,9
Daladeild	7.928	17,5	5.021	16,3
Snæfells- og Hnappadalsdeild	3.918	18,0	4.264	16,9
Utan deilda	5.211	17,3	5.207	16,5

Lykiltölur úr samstæðureikningi

Rekstur	2025	2024	2023	2022	2021
Fjárhæðir í m.kr.					
Rekstrartekjur	19.310,6	17.747,7	17.143,2	15.756,7	13.023,1
Aðrar tekjur	195,5	113,4	163,6	87,7	134,8
Vöru- og umbúðanotkun	(9.308,4)	(8.677,6)	(8.483,9)	(7.905,5)	(6.315,9)
Laun og launatengd gjöld	(4.889,8)	(4.601,2)	(4.273,3)	(3.983,9)	(3.604,8)
Annar rekstrarkostnaður	(3.439,4)	(2.897,7)	(2.762,2)	(2.488,1)	(2.211,2)
Afskriftir fastafjármuna og nýtingarréttar ..	(567,0)	(549,5)	(572,9)	(488,7)	(481,3)
Rekstrarhagnaður, (tap)	1.301,5	1.135,1	1.214,5	978,2	544,7
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	30,4	(49,9)	(232,6)	(321,1)	(260,2)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi	8,7	3,7	0,3	19,0	8,1
Hagnaður, (tap) fyrir skatta	1.340,6	1.088,9	982,2	676,1	292,6
Tekjuskattur	(255,1)	(217,1)	(190,5)	(126,7)	(59,1)
Hagnaður, (tap) ársins	1.085,5	871,8	791,7	549,4	233,5
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	1.816,8	1.683,6	1.776,5	1.452,0	955,7
Efnahagur 31. desember	2025	2024	2023	2022	2021
Fjárhæðir í m.kr.					
Fastafjármunir	8.077,8	7.823,6	7.690,2	7.693,6	6.474,6
Veltufjármunir	7.360,1	6.046,4	6.081,2	5.745,2	4.156,2
Eignir	15.437,9	13.870,0	13.771,4	13.438,8	10.630,8
Eigið fé	9.297,2	8.226,8	7.363,3	6.590,8	5.349,5
Par af A og B-deild stofnsjóðs	672,1	613,8	574,8	547,3	530,1
Langtímaskuldir og skuldbindingar	3.557,4	3.351,8	4.163,7	3.968,0	3.527,3
Skammtímaskuldir	2.583,3	2.291,4	2.244,4	2.880,0	1.754,0
Skuldir	6.140,7	5.643,2	6.408,1	6.848,0	5.281,3
Eigið fé og skuldir	15.437,9	13.870,0	13.771,4	13.438,8	10.630,8
Kennitölur					
EBITDA	1.868,5	1.684,6	1.787,4	1.466,9	1.026,0
Innra virði	13,8	13,4	12,8	12,0	10,1
Veltufjárlutfall	2,8	2,6	2,7	2,0	2,4
Eiginfjárlutfall	60%	59%	53%	49%	50%
Ársverk					
Unnin ársverk	446	448	439	437	438



SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS SVF.

Samstæðuársreikningur

2025

Skýrsla stjórnar

Samstæðuársreikningur Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samstæðuársreikningurinn tekur til félagsins og dótturfélaga þess sem eru tvö, Reykjagarður hf. og Holt og gott ehf.

Sláturfélag Suðurlands svf. er samvinnufélag og tilgangur félagsins skv. samþykktum er að annast slátrun, úrvinnslu og sölu á framleiðslu félagsmanna. Félagið flytur einnig inn vörur og stundar aðra verslun eftir því sem það styrkir sölu á framleiðslu félagsins. Með hliðsjón af tilgangi félagsins og stöðu þess er höfuðmarkmið félagsins að vera leiðandi matvæla fyrirtæki sem starfar á heildsölustigi og dreifir vörum á landsvísi. Félagið starfar á þremur sviðum, slátrun, matvælaíðnaði og innflutningi matvæla, áburðar og fódurs.

Reykjagarður hf. er félag í kjúklingaframleiðslu og sölu á kjúklingaafurðum. Skrifstofa félagsins er í Reykjavík, en afurðavinnsla félagsins fer fram á Hellu í Rangárvallasýslu. Holt og gott ehf. er í framleiðslu og sölu á salati og grænmetisvörum og er starfstöð félagsins í Reykjavík.

Starfsemin á árinu og framtíðarhorfur	2025	2024
Rekstrartekjur samstæðunnar námu	19.310.600	17.747.767
Hagnaður samstæðunnar nam	1.085.542	871.758
Fjöldi ársverka nam.....	446	448
	31.12.2025	31.12.2024
Eignir samstæðunnar námu.....	15.437.956	13.870.071
Bókfært eigið fé nam	9.297.263	8.226.820
Inneign í stofnsjóði A-deildar nam	492.048	433.744
Inneign í stofnsjóði B-deildar nam	180.074	180.074
Eiginfjárlutfall samstæðunnar nam	60,2%	59,3%

Rekstrartekjur samstæðunnar hækkuðu um 1.562,8 milljónir króna milli ára eða um 8,8%. Þessi hækkun er til komin vegna bættrar stöðu á veitinga- og smásölumarkaði. Útflutningur dróst saman á lambakjöti og verð á áburði til bænda lækkaði en magnaukning vóg það upp.

Heildarafkoma samstæðunnar er einnig að aukast á milli ára en samstæðan skilaði 1.085,5 milljónum króna hagnaði á árinu 2025 á móti 871,8 milljón króna hagnaði árið áður. Margs konar aðgerðir eru í gangi með það að markmiði að rekstur samstæðunnar skili viðunandi arðsemi til lengri tíma. Stjórnendur samstæðunnar reikna með að starfsemi félagsins muni ekki breytast verulega að umfangi á næstu árum.

Meginmarkmið og stefna við áhættustýringu

Samstæðan stýrir fjármagni sínu þannig að það viðhaldi rekstrarhæfi sínu á sama tíma og það hámarkar arðsemi hagaðila með sem bestu jafnvægi á milli skulda og eigin fjár. Stjórnendur samstæðunnar fylgjast með og greina fjárhagslegar áhættur í rekstri. Aðferðir vegna áhættustýringar eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi samstæðunnar. Nánari upplýsinga um fjármálagerninga og þá fjárhagslegu áhættu sem samstæðan býr við má finna í skýringu nr. 23.

Stjórnendur hafa tryggt verklag til að vera á varðbergi vegna svika, lagalegri áhættu sem getur valdið sektum og orðsporsáhættu sem getur valdið tjóni til lengri tíma. Einnig er stöðugt unnið að því að aðlagja félagið að breytingum sem ætla má að geti orðið í frumframleiðslu hjá bændum en innlend framleiðsla á kjöti á undir högg að sækja vegna búhátarbreytinga og aukins innflutnings kjötvara. Rekstur félagsins er fjölþættur sem dregur úr rekstrarlegri áhættu auk þess sem starfsemi félagsins er ekki öll á sama stað.

Skýrsla stjórnar

Stofnsjóðir og eigendur

Í lok árs er fjöldi félagsaðila 2.368 sem eiga yfir kr. 1.000 í stofnsjóði A-deildar en þeir voru 2.307 árið áður. Enginn stofnsjóðseigandi á yfir 10% af stofnsjóði A-deildar.

Í lok árs eru hluthafar í stofnsjóði B-deildar 562 en þeir voru 564 árið áður.

	Hlutdeild	Hlutir
Birta lífeyrissjóður.....	33,71%	67.411
Landsbankinn hf.....	20,56%	41.119
Sláturfélag Suðurlands svf.....	9,96%	19.926
Festa lífeyrissjóður.....	6,44%	12.884
Steingrímur Aðalsteinsson.....	2,12%	4.230
Magnús Benediktsson.....	2,00%	4.000
Tannín ehf.....	1,53%	3.059
Auðhumla svf.....	1,04%	2.080
Valgeir Einar Ásbjörnsson.....	0,93%	1.855
Rama ehf.....	0,59%	1.172
Aðrir.....	21,13%	42.263
Samtals.....	100,00%	200.000

Eign Sláturfélags Suðurlands er færð til lækkunar á stofnsjóðseign í B-deild meðal eiginfjárreikninga.

Tillaga til aðalfundar

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að greiddur verði 13,7% arður af B-deild stofnsjóðs, þar af er verðbótarpáttur 3,7% skv. 1 mgr. 14.gr. samþykkt félagsins, eða alls 27,4 milljónir króna eða 0,1370 krónur á hvern útgefin hlut. Jafnframt að reiknaðir verði 18,7% vextir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs, alls 92,2 milljónir króna.

Stjórn félagsins

Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðalmönnum og skulu þeir kosnir á aðalfundi úr hópi félagsmanna til eins árs í senn. Í stjórn Sláturfélags Suðurlands svf. sitja tvær konur og þrír karlmenn. Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf. uppfyllir því skilyrði 27. gr. laga um Samvinnufélög nr. 22/1991 um kynjahlutföll, en þar er kveðið á um að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Hlutföll kynja allra starfsmanna samstæðunnar er 61% karlar og 39% konur.

Stjórnarhættir

Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf. hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið sett fram. Sláturfélag Suðurlands svf. hefur sett fram upplýsingar um stjórnarhætti í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Leiðbeiningarnar taka ekki að öllu leyti tillit til starfshátta samvinnufélaga sem eru í sumum veigamiklum atriðum ólík hlutafélögum. Af þessum sökum fylgir SS ekki að öllu leyti leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Sláturfélag Suðurlands svf. er skráð á First North markaðnum hjá NASDAQ OMX. Upplýsingar um stjórnarhætti er hægt að nálgast á heimasíðu félagsins.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í samræmi við lög um ársreikninga birtir félagið upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt er gerð grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum ásamt öðru. Framangreindar upplýsingar eru settar fram í viðauka við ársreikninginn, Ófjárhagsleg upplýsingagjöf.



Skýrsla stjórnar

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Að álit stjórnar og forstjóra Sláturfélags Suðurlands svf. koma fram í samstæðuársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu, auk þess að greina frá áhættustýringu og þeim óvissupáttum sem samstæðan kann að mæta.

Stjórn og forstjóri Sláturfélags Suðurlands svf. staðfestir hér með samstæðuársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. febrúar 2026

Í stjórn

Hallfreður Vilhjálmsson,
stjórnarformaður

Guðrún S. Magnúsdóttir,
varaformaður

Lilja Guðrún Eypórsdóttir

Sverrir Gíslason

Þorsteinn Logi Einarsson

Forstjóri

Steinþór Skúlason

Áritun óháðra endurskoðenda

Til hluthafa og stjórnar Sláturfélags Suðurlands svf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir árið 2025. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Sláturfélagi Suðurlands svf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Sláturfélags Suðurlands svf. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og forstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda og endurskoðunarnefndar á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.



Áritun óháðra endurskoðenda

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á álit okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Kópavogur, 19. febrúar 2026

Deloitte ehf.

Halldór Arason
endurskoðandi

Jóhann Óskar Haraldsson
endurskoðandi

Kjörnir skoðunarmenn

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Sláturfélags Suðurlands svf., höfum farið yfir samstæðuársreikning þennan. Við teljum að hann sé í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og samþykktir félagsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 19. febrúar 2026

Finnur Pétursson

Jónas Erlendsson

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur	4	19.310.600	17.747.767
Aðrar tekjur		195.504	113.437
Vöru- og umbúðarnotkun		(9.308.393)	(8.677.579)
Laun og launatengd gjöld	5	(4.889.813)	(4.601.193)
Annar rekstrarkostnaður		(3.439.394)	(2.897.717)
Afskriftir fastafjármuna og nýtingarréttar	6	(567.041)	(549.570)
Rekstrarhagnaður		1.301.462	1.135.144
Fjármunatekjur		236.125	213.698
Fjármagnsgjöld		(205.727)	(263.624)
	7	30.398	(49.926)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi	11	8.771	3.718
Hagnaður fyrir skatta		1.340.631	1.088.936
Tekjuskattur	8	(255.089)	(217.179)
Hagnaður ársins		1.085.542	871.758
Hagnaður á hlut	9		
Hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut		1,69	1,47

Fjárhæðir eru í þús. kr.



Yfirlit um heildarafkomu ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Hagnaður ársins		<u>1.085.542</u>	<u>871.758</u>
Liðir færðir beint á eigið fé, sem ekki verða endurflokkaðir í rekstrarreikningi			
Endurmat fastafjármuna		21.533	30.727
Reiknaður tekjuskattur af endurmati		<u>(4.307)</u>	<u>(6.145)</u>
	10	<u>17.226</u>	<u>24.582</u>
Heildarafkoma ársins		<u><u>1.102.768</u></u>	<u><u>896.340</u></u>

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	10	7.226.609	7.126.636
Leigugeignir	16	733.267	581.683
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	11	112.759	103.988
Eignarhlutar í öðrum félögum		5.205	5.470
Skuldabréfaeign		0	5.850
		<u>8.077.840</u>	<u>7.823.626</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	12	2.380.034	2.722.147
Viðskiptakröfur	13	1.948.260	1.710.546
Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar	22	5.877	9.481
Kröfur á tengd félög	22	0	36.216
Aðrar skammtímaskröfur	14	112.828	122.399
Handbært fé	15	2.913.117	1.445.656
		<u>7.360.116</u>	<u>6.046.444</u>
Eignir		<u>15.437.956</u>	<u>13.870.071</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Stofnsjóður A-deild	17	492.047	433.744
Stofnsjóður B-deild	17	180.074	180.074
Yfirverðsreikningur hlutafjár		159.111	159.111
Lögbundinn varasjóður		173.012	158.436
Annað bundið eigið fé		2.384.490	2.137.371
Óráðstafað eigið fé		<u>5.908.529</u>	<u>5.158.084</u>
Eigið fé		<u>9.297.263</u>	<u>8.226.820</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Langtímaskuldir	18	1.994.491	1.972.776
Leiguskuldbinding	16	814.452	657.210
Tekjuskattsskuldbinding	19	<u>748.439</u>	<u>721.816</u>
		<u>3.557.382</u>	<u>3.351.801</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	20	648.649	663.738
Skuld vegna fjárfestinga		44.639	78.458
Næsta árs afborganir langtímaskulda	18	52.225	49.561
Næsta árs afborganir af leiguskuldbindingu	16	27.844	23.088
Ógreiddir reiknaðir skattar	8	230.862	219.883
Skuldir við tengd félög	22	22.707	3.479
Aðrar skammtímaskuldir	21	<u>1.556.386</u>	<u>1.253.243</u>
		<u>2.583.311</u>	<u>2.291.449</u>
Skuldir		<u>6.140.693</u>	<u>5.643.250</u>
Eigið fé og skuldir		<u>15.437.956</u>	<u>13.870.071</u>

Fjárhæðir eru í þús. kr.



Yfirlit um eigið fé 1. janúar - 31. desember 2025

	Stofnsjóður A-deild	Stofnsjóður B-deild	Annað bundið eigið fé	Óráðst. eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2024	394.757	180.074	2.208.479	4.580.032	7.363.342
Heildarafkoma ársins			24.582	871.758	896.339
Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild	17.124				17.124
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild	(8.882)				(8.882)
Reiknaðir vextir af A-deild	39.416			(39.416)	0
Fjármtekjusk. vaxta af A-deild	(8.672)				(8.672)
Varasjóður A-deild					0
Greiddur arður af B-deild				(32.431)	(32.431)
Afskrift af endurmati			(61.867)	61.867	0
Fært af bundnum hlutd.reikningi			273.978	(273.978)	0
Tillaga í lögbundinn varasjóð			9.747	(9.747)	0
Eigið fé 1.1.2025	433.744	180.074	2.454.919	5.158.085	8.226.821
Heildarafkoma ársins			17.227	1.085.542	1.102.770
Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild	16.541				16.541
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild	(8.183)				(8.183)
Reiknaðir vextir af A-deild	64.032			(64.032)	0
Fjármtekjusk. vaxta af A-deild	(14.087)				(14.087)
Greiddur arður af B-deild				(26.597)	(26.597)
Afskrift af endurmati			(62.752)	62.752	0
Fært á bundinn hlutd.reikning			292.644	(292.644)	0
Tillaga í lögbundinn varasjóð			14.576	(14.576)	0
Eigið fé 31.12.2025	492.048	180.074	2.716.614	5.908.530	9.297.263

Annað bundið eigið fé greinist þannig:

	Hlutdeildar- reikningur	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Samtals annað bundið eigið fé
Eigið fé 1.1.2024	389.664	159.111	148.690	1.511.014	2.208.479
Endurmat fastafjárm.				24.582	24.582
Afskrift af endurmati				(61.867)	(61.867)
Fært af bundnum hlutd.reikningi	273.978				273.978
Tillaga í lögbundinn varasjóð			9.747		9.747
Eigið fé 1.1.2025	663.642	159.111	158.437	1.473.729	2.454.919
Endurmat fastafjárm.				17.227	17.227
Afskrift af endurmati				(62.752)	(62.752)
Fært á bundinn hlutd.reikning	292.644				292.644
Tillaga í lögbundinn varasjóð			14.576		14.576
Eigið fé 31.12.2025	956.286	159.111	173.013	1.428.204	2.716.614

Hlutdeildarreikningur

Hlutdeildarreikningur inniheldur hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélag, sem færð er í rekstrarreikningi og er umfram móttekinn arð eða þann arð sem ákveðið hefur verið að úthluta.

Yfirverðsreikningur hlutafjár og lögbundinn varasjóður

Yfirverð innborgaðs hlutafjár er fjárhæð sem eigendur B-deildar stofnsjóðs hafa greitt umfram nafnverð B-deildar stofnsjóðs sem félagið hefur selt. Samkvæmt lögum um samvinnufélög skal félagið binda 25% nafnverð stofnsjóða í varasjóð, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð.

Endurmatsreikningur

Endurmatsreikningur er tilkominn vegna endurmats á fasteignum samstæðunnar og sýnir óafskrifaðan hluta endurmatsins að frádragnum tekjuskatti.

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		1.301.462	1.135.144
Afskriftir	6	567.041	549.570
Söluhagnaður fastafármuna		(51.684)	(1.151)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		1.816.820	1.683.564
Vörubirgðir, (hækkun), lækkun		342.112	(428.061)
Aðrar rekstartengdar eignir, lækkun, (hækkun)		(213.040)	57.391
Rekstartengdar skuldir, hækkun, (lækkun)		313.458	(25.486)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		2.259.351	1.287.408
Innborgaðir vextir og arður		230.106	197.099
Greiddir vextir		(157.219)	(147.532)
Innborgaður gengismunur		96	1.238
Greiddur tekjuskattur		(221.793)	(151.889)
Handbært fé frá rekstri		2.110.541	1.186.324
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir		(691.737)	(575.188)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	10	66.321	11.722
Lækkun á kröfum á tengd félög		36.216	0
Skuldabréfaeign		9.400	9.400
		(579.800)	(554.016)
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður.....	17	(230)	0
Afborganir langtímaskulda	18	(41.922)	(989.805)
Afborganir af leiguskuldbindingu		(24.993)	(21.696)
Hækkun á skuldum við tengd félög.....	22	19.228	11.243
Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild		16.541	17.124
Stofnsjóðsútgreiðslur og fjárm.t.sk. A-deild.....		(22.270)	(17.554)
Greiddur arður af B-deild stofnsjóðs	17	(26.597)	(32.431)
		(80.244)	(1.033.119)
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		1.450.498	(400.811)
Handbært fé í upphafi árs		1.445.656	1.842.595
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		16.964	3.872
Handbært fé í lok árs		2.913.118	1.445.656

Fjárhæðir eru í þús. kr.



Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Ársreikningur þessi hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar.

Sláturfélag Suðurlands svf. er samvinnufélag og starfar á grundvelli laga nr. 22/1991 um samvinnufélög. Félagið er í eigu búvöruframleiðenda á félagssvæði sínu og almennra hluthafa.

Félagssvæði Sláturfélagsins skv. samþykktum er Vestur-Skaftafellssýsla, Austur-Skaftafellssýsla austur að Jökulsá á Breiðamerkursandi, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Kjósar- og Gullbringusýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrarsýsla, Snæfells- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla auk bæja og kaupstaða innan framangreindra svæða.

Sláturfélag Suðurlands svf. er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Fosshálsi 1, 110 Reykjavík. Að Fosshálsi eru skrifstofur, markaðs- og söludeildir félagsins. Á Hvolsvelli er meginhluti matvælaíðnaðar staðsettur ásamt dreifingu á framleiðsluvörum félagsins. Félagið rekur sláturhús á Selfossi ásamt úrbeiningu á kjöti og pökkunarstöð.

Tilgangur félagsins er skv. samþykktum, að annast slátrun, úrvinnslu og sölu á framleiðslu félagsmanna. Félagið flytur einnig inn vörur og stundar aðra verslun eftir því sem það styrkir sölu á framleiðslu félagsins. Með hliðsjón af tilgangi félagsins og stöðu þess er höfuðmarkmið félagsins að vera leiðandi matvælafyrirtæki sem starfar á heildsölustigi og dreifir vörum á landsvísi. Félagið starfar á þremur sviðum, slátrun, matvælaíðnaði og innflutningi matvæla, áburðar og fóðurs.

Dótturfélög Sláturfélags Suðurlands svf. eru tvö. Reykjagarður hf. sem er félag í kjúklingaframleiðslu og sölu á kjúklingaafurðum. Skrifstofa félagsins er í Reykjavík, en afurðavinnsla félagsins fer fram á Hellu í Rangárvallasýslu. Holt og gott ehf. hefur frá upphafi sérhæft sig í fullvinnslu á fersku grænmeti, ferskum salatblöndum, niðurskornum ávöxtum, brauðsalötum og sósum og er starfstöð félagsins í Reykjavík. Hlutdeildarfélag Sláturfélags Suðurlands svf. er Orkugerðin ehf. og er starfsstöð félagsins í Flóahreppi. Félagið tekur á móti sláturúrgangi og öðrum lífrænum úrgangi og framleiðir úr þessum afurðum mjöl og fitu.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu.

Samstæðuársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að ákveðnar eignir og fjármálagerningar eru færðir á endurmetnu virði eða gangvirði, sjá nánar í skýringu 27 fyrir reikningsskilaaðferðir. Samstæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill allra félaganna í samstæðunni.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrif breytinga á reikningshaldslegu mati eru færð á því tímabili sem að matið er endurskoðað og síðari tímabilum ef við á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem mat stjórnenda og reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir eigna og skulda í ársreikningnum er að finna í eftirfarandi skýringum:

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Skýringar

- Skýring 10 - mat á líftíma varanlegra rekstrarfjármuna og endurmetnu virði fasteigna
- Skýring 12 - mat á niðurfærslu birgða
- Skýring 13 - mat á niðurfærslu viðskiptakrafna
- Skýring 16 - mat á samningslengd leigusamninga og afvöxtunarstuðli við mat á leiguskuldbindingu og nýtingarrétti

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur samstæðunnar greinast þannig:	2025	2024
Sala innanlands	18.832.466	17.418.357
Sala erlendis	478.134	329.410
	<u>19.310.600</u>	<u>17.747.767</u>

Helstu viðskiptavinir innanlands eru matvöruverslanir og kjötvinnslur auk bænda og mötuneyta. Sala erlendis hefur að mestu verið útflutningur til landa eins og Sviss, Bretlands og Japans. Ofangreindar tekjur eru allar vegna samninga við viðskiptavini og falla undir gildissvið IFRS 15 - Tekjur af samningum við viðskiptavini.

5. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2025	2024
Laun	3.871.861	3.645.583
Lífeyrissjóður	502.074	471.761
Önnur launatengd gjöld	345.123	327.181
Annar starfsmannakostnaður	170.755	156.669
	<u>4.889.813</u>	<u>4.601.193</u>
Fjöldi ársverka	446	448

6. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:	2025	2024
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna án endurmats	453.194	442.361
Afskriftir af endurmati varanlegra rekstrarfjármuna	78.440	77.336
Afskriftir af nýtingarrétti	35.407	29.873
	<u>567.041</u>	<u>549.570</u>

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2025	2024
Vaxtatekjur af innstæðum og kröfum	207.075	199.391
Arður af hlutabréfæign	2.000	2.000
Gengishagnaður	19.960	7.019
Aðrar vaxtatekjur	7.089	5.288
	<u>236.125</u>	<u>213.698</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(141.213)	(206.283)
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingu	(41.058)	(32.573)
Önnur vaxtagjöld	(23.456)	(24.768)
	<u>(205.727)</u>	<u>(263.624)</u>
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	<u>30.398</u>	<u>(49.926)</u>

Fjárhæðir eru í þús. kr.



Skýringar

8. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í samstæðuársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 255 milljónum króna (2024: 217 milljónir). Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2026 nemur 230,9 milljónum króna. (2025: 219,9 milljónir króna).

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2025		2024	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta	1.340.631		1.088.936	
Skatthlutfall	(268.126)	(20,0%)	(228.677)	(21,0%)
Fenginn arður	400	0,0%	420	0,0%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags	1.754	0,1%	780	0,1%
Vextir A-deildar stofnsjóðs	12.806	1,0%	8.277	0,8%
Aðrir liðir	(1.922)	(0,1%)	2.020	0,2%
Tekjuskattur skv. rekstrarreikn.	<u>(255.089)</u>	<u>(19,0%)</u>	<u>(217.180)</u>	<u>(19,9%)</u>

9. Hagnaður á hlut

Félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga né gefið út skuldir með breytirétti sem geta við innlausn valdið þynningarhrifum og því er hagnaður og þynntur hagnaður á hlut sá sami.

	2025	2024
Hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut	1,69	1,47

Hagnaður á hvern hlut útistandandi hlutafjár er reiknaður miðað við eftirfarandi forsendur:

Hagnaður ársins	1.085.542	871.758
Vegið meðaltal hlutafjár	642.970	594.325

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Skýringar

10. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir og lóðir	Vélar og áhöld	Bifreiðar og flutningstæki	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1. 1. 2024	8.546.179	3.692.595	543.462	12.782.236
Sérstakt endurmat	30.727	0	0	30.727
Eignfært á árinu	180.265	360.631	103.724	644.620
Selt og aflagt á árinu	0	(49.590)	(26.224)	(75.814)
Staða 1. 1. 2025	8.757.171	4.003.636	620.962	13.381.769
Leiðr.stofnverð fastafjárm. 1.1.	(6.392)			(6.392)
Sérstakt endurmat	21.533	0	0	21.533
Eignfært á árinu	136.560	422.966	78.179	637.705
Selt og aflagt á árinu	(27.302)	(3.330)	(89.988)	(120.620)
Staða 31. 12. 2025	8.881.570	4.423.272	609.153	13.913.995
Afskriftir				
Staða 1. 1. 2024	3.779.234	1.723.783	295.660	5.798.677
Afskrift ársins	205.439	255.478	58.780	519.697
Selt og aflagt á árinu	0	(39.054)	(24.186)	(63.240)
Staða 1. 1. 2025	3.984.673	1.940.207	330.254	6.255.134
Afskrift ársins	206.495	257.990	67.151	531.636
Selt og aflagt á árinu	(18.899)	(2.286)	(78.197)	(99.382)
Staða 31. 12. 2025	4.172.269	2.195.911	319.208	6.687.388
Bókfært verð				
Staða 1. 1. 2024	4.766.945	1.968.812	247.802	6.983.559
Staða 1. 1. 2025	4.772.498	2.063.429	290.708	7.126.636
Staða 31. 12. 2025	4.709.301	2.227.361	289.945	7.226.609
Bókfært verð án endurmats				
Staða 1. 1. 2024	2.878.178	1.968.812	247.802	5.094.792
Staða 1. 1. 2025	2.930.338	2.063.430	290.708	5.284.476
Staða 31. 12. 2025	2.913.748	2.227.361	289.945	5.431.054
Nýtingartími eigna	25-50 ár	5-17 ár	5-8 ár	

Fasteignir samstæðunnar eru endurmetnar reglulega og byggir hið endurmetna verð á opinberu fasteignamati að teknu tilliti til hversu sérhæfðar eignirnar eru sem stjórnendur telja að endurspegli raunvirði eignanna. Matsbreytingin er færð til hækunar á eigninni, á sérstakan endurmatsreikning meðal eiginfjár og á tekjuskattskuldbindingu.

Fasteignamat og váttryggingamat eigna samstæðunnar í árslok:	Fasteignamat	Váttryggingamat
Fasteignir og lóðir	7.164.275	16.447.756
Vélar og tæki, eignatryggingar		10.259.136
Rekstrarstöðvunartrygging		7.541.688

Fjárhæðir eru í þús. kr.



Skýringar

I 1. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

	Eignahlutur	Nafnverð	Bókfært verð	Gangvirði
Orkugerðin ehf. Heiðargerði 5, Selfossi	43,03%	19.364	112.759	112.759
Breyting eignarhluta í hlutdeildarfélögum greinist þannig:			2025	2024
Staða í ársbyrjun			103.988	100.039
Aðrar breytingar			0	230
Hlutdeild í afkomu			8.770	3.718
Staða í árslok			112.759	103.988

I 2. Vörubirgðir

	31.12.2025	31.12.2024
Afurðir, vörur í vinnslu, fullunnar vörur og innflutningsvörur	2.007.068	2.146.961
Rekstrarvörur	129.406	210.460
Ýmsar vörur	243.560	364.725
	2.380.034	2.722.147

Vörubirgðir í lok fjárhagsársins hafa verið metnar með tilliti til seljanleika og eru vörubirgðir færðar niður samkvæmt því mati. Niðurfærslan byggir á mati stjórnenda og meðtalin í gjaldfærslu birgða er niðurfærsla að fjárhæð 328,3 milljónir króna (2024: 248 milljónir).

I 3. Viðskiptakröfur

	31.12.2025	31.12.2024
Innlendar viðskiptakröfur	1.940.525	1.713.924
Erlendar viðskiptakröfur	89.530	48.817
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(81.796)	(52.195)
	1.948.260	1.710.546

Samstæðan metur niðurfærslu viðskiptakrafna út frá líkum á því að vanefndir verði einhvern tíman á líftíma viðskiptakrafnanna. Viðskiptakröfum samstæðunnar er skipt niður í tvo flokka, bændur og almenna viðskiptamenn og er hvor flokkur fyrir sig metinn á sinn hátt enda er eðli viðskipta ekki það sama fyrir þessa tvo flokka.

Sértæk niðurfærsla almennra viðskiptakrafna byggir á viðskiptasögu hvers viðskiptamanns fyrir sig en almenn niðurfærsla byggir á aldursgreiningu, sögulegum gögnum og mati stjórnenda. Niðurfærsla almennra viðskiptakrafna samstæðunnar nema frá 1,6% - 4,8% af heildarkröfum í árslok 2025.

Mat á niðurfærslu viðskiptakrafna bænda byggir á sögulegum gögnum og mati stjórnenda. Niðurfærsla er almenn á allar kröfur viðskiptakrafna bænda og er miðað við 5% niðurfærslu í þessu samhengi. Eðli viðskiptasambands við bændur er frábrugðið almennum viðskiptakröfum þar sem bændur eru í flestum tilfellum á sama tíma bæði viðskiptamenn og lánardrotnar hjá félaginu.

Það er álit stjórnenda félagsins að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspegli gangvirði þeirra.

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Skýringar

14. Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2025	31.12.2024
Fyrirframgreiddur kostnaður	37.655	10.373
Fjármagnstekjuskattur	40.294	36.040
Virðisaukaskattur	32.060	34.786
Aðrar skammtímakröfur	2.588	41.200
	<u>112.828</u>	<u>122.399</u>

15. Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2025	31.12.2024
Bankainnstæður í íslenskum krónum	2.625.302	1.315.259
Bankainnstæður í erlendri mynt	287.365	129.746
Sjóður	450	651
	<u>2.913.117</u>	<u>1.445.656</u>

16. Leigusamningar

Samstæðan hefur gert leigusamninga um fasteignir sem færðir eru í efnahagsreikning. Upplýsingar um nýtingarrétt vegna leigueigna og leiguskuldbindingu er að finna hér að neðan, en nánari lýsing á reikningshaldslegri meðferð leigusamninga er að finna í skýringu fyrir reikningsskilaaðferðir.

Fasteignir og lóðir

	Leigueignir	Leigu- skuldbinding
Staða í ársbyrjun 2024	585.871	(676.308)
Verðbætur	25.686	(25.687)
Afskriftir/afborgun.....	<u>(29.874)</u>	<u>21.697</u>
Staða í ársbyrjun 2025	581.683	(680.298)
Verðbætur	23.887	(23.887)
Viðbætur vegna nýrra samninga.....	162.280	(162.280)
Aðrar leiðréttingar	825	(825)
Afskriftir	<u>(35.407)</u>	<u>24.993</u>
Staða í árslok	<u>733.268</u>	<u>(842.297)</u>

Tímalengd samninga vegna fasteigna og lóða 5-72 ár

Upphæðir færðar í rekstrarreikning

	2025	2024
Afskriftir af nýtingarrétti	35.407	29.873
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingu	41.058	32.573
Samtals gjaldfært á árinu	<u>76.465</u>	<u>62.446</u>

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Skýringar

Leiguskuldbinding

Gjalddagagreining:	31.12.2025	31.12.2024
Innan árs	75.959	54.805
Eftir ár en innan 5 ára	291.269	210.144
5 ár og síðar	1.116.179	863.336
	<u>1.483.407</u>	<u>1.128.285</u>

Fjárhæðir hér að ofan eru ekki núvirtar og sýna vænt sjóðstreymi af leigugreiðslum. Leigugreiðslur á árinu 2025 námu 66,0 milljónum króna (2024: 54,2 milljónir króna).

17. Eigið fé

Stofnsjóður

Stofnsjóður félagsins skiptist í tvo hluta, A-deild sem er mynduð af séreignarhlutum félagsmanna og B-deild sem er mynduð með sölu á hlutum í þeirri deild. Allt hlutafé í B-deild stofnsjóðs hefur verið greitt inn til félagsins. Í A-deild stofnsjóðs leggst árlega ákveðinn hundradshluti af andvirði afurðainnleggs hvers félagsmanns eftir nánari ákvörðun félagsstjórnar. Stofnsjóður A-deildar kemur til útgreiðslu ef aðilar hætta búskap eða ná 70 ára aldri.

		<u>31.12.2025</u>	<u>31.12.2024</u>
Stofnsjóður A-deild		492.047	433.744
Stofnsjóðir B-deildar greinist þannig:	<u>Hlutfall</u>	<u>31.12.2025</u>	<u>31.12.2024</u>
Heildarhlutafé í árslok	100,00%	200.000	200.000
Eigin hlutir í árslok	(9,96%)	(19.926)	(19.926)
	<u>90.04%</u>	<u>180.074</u>	<u>180.074</u>

Á árinu 2025 var samkvæmt ákvörðun aðalfundar greiddur arður vegna B-deildar stofnsjóðs að fjárhæð 26,6 milljónir króna og reiknaðir vextir vegna A-deildar stofnsjóðs að fjárhæð 64 milljónir króna. Um nánari greiningu á eiginfjarreikningum er vísað til yfirlits um eigið fé á bls. 22.

18. Langtímaskuldir

	31.12.2025	31.12.2024
Skuldir við lífeyrissjóði	596.006	588.442
Aðrar langtímaskuldir	<u>1.450.710</u>	<u>1.433.895</u>
	2.046.715	2.022.337
Næsta árs afborganir langtímaskulda	<u>(52.225)</u>	<u>(49.561)</u>
Langtímaskuldir í árslok	<u>1.994.491</u>	<u>1.972.776</u>
Breytingar á skuldum við lánastofnanir, lífeyrissjóði og aðra:		
	<u>2025</u>	<u>2024</u>
Staða í ársbyrjun	2.022.336	2.892.040
Afborganir	(50.785)	(989.806)
Verðbætur	<u>75.164</u>	<u>120.103</u>
Staða í árslok	<u>2.046.715</u>	<u>2.022.337</u>

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Skýringar

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	31.12.2025	31.12.2024
Næsta árs afborganir	52.225	49.561
Afborganir 2027/2026	54.314	51.172
Afborganir 2028/2027	56.486	52.836
Afborganir 2029/2028	58.746	54.553
Afborganir 2030/2029	61.095	56.327
Afborganir 2031/2030	63.539	58.158
Afborganir síðar	1.700.310	1.699.730
	<u>2.046.715</u>	<u>2.022.337</u>

Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:

	31.12.2025	31.12.2024
Skuldir við lífeyrissjóði	3,00%	3,00%
Aðrar langtímaskuldir	3,30%	3,30%

19. Tekjuskattsskuldbinding

	Skuldbinding	
	2025	2024
Staða í ársbyrjun	(721.816)	(709.217)
Áhrif endurmats fastafjármuna	(4.307)	(6.145)
Áhrif samsköttunar	0	(8.601)
Aðrar breytingar	1.911	(557)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins	(255.089)	(217.179)
Tekjuskattur til greiðslu á komandi ári	230.862	219.883
Staða í árslok	<u>(748.439)</u>	<u>(721.816)</u>

Tekjuskattseign/(-skuldbinding) greinast þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

	31.12.2025	31.12.2024
Varanlegir rekstrarfjármunir	(748.926)	(720.733)
Leigueign / leiguskuldbinding	21.807	19.723
Veltufjáreignir	(27.307)	(34.120)
Frestaður gengismunur	(3.129)	(1.094)
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	9.116	14.408
	<u>(748.439)</u>	<u>(721.816)</u>

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýtist til frádráttar skattalegum hagnaði í síðasta lagi sem hér segir:

Frá hagnaði árána 2026 - 2030	21.175
Frá hagnaði árána 2026 - 2031	<u>24.405</u>
	<u>45.580</u>

20. Viðskiptaskuldir

	31.12.2025	31.12.2024
Innlendar viðskiptaskuldir	558.921	533.625
Erlendar viðskiptaskuldir	89.728	130.113
	<u>648.649</u>	<u>663.738</u>

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Skýringar

21. Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2025	31.12.2024
Ógreitt fyrir afurðir	187.518	65.062
Fyrirframinnheimtar tekjur	573.706	440.132
Ógreiddur VSK í tolli	92.072	92.604
Virðisaukaskattur	143.113	127.098
Ógreidd laun og launatengd gjöld	512.383	480.127
Ógreiddir áfallnir vextir	7.489	7.400
Aðrar skuldir	40.105	40.821
	<u>1.556.386</u>	<u>1.253.243</u>

22. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á samstæðuna, beint eða óbeint. Á meðal tengdra aðila samstæðunnar eru eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir samstæðunni, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Laun og hlunnindi stjórnarmanna og stjórnenda:

	2025	2024
Stjórnendur	214.616	208.312
Stjórnarmenn	16.012	12.238
	<u>230.628</u>	<u>220.550</u>

Eignarhlutur í B-deild stofnsjóðs:

	Fjöldi hluta í árslok 2025	Fjöldi hluta í árslok 2024
Stjórnendur	1.172	1.172
Stjórnarmenn	32	32
	<u>1.204</u>	<u>1.204</u>

Viðskipti við tengd félög árið 2025:

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Orkugerðin ehf., hlutdeildarfélag	144.649	2.242	4.650	22.707

Viðskipti við tengd félög árið 2024:

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Orkugerðin ehf., hlutdeildarfélag	123.245	2.246	47.118	3.479

Viðskipti við tengda aðila eru á sambærilegum kjörum og ef um ótengda aðila væri að ræða.

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Skýringar

23. Fjármálagerningar

Fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar skiptast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

Fjáreignir	31.12.2025		31.12.2024	
	Á afskrifuðu kostnaðarverði	Á gangvirði um rekstrareikning	Á afskrifuðu kostnaðarverði	Á gangvirði um rekstrarreikning
Bankareikningar	2.912.667	0	1.445.004	0
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur.....	1.956.725	0	1.803.293	0
Eignarhlutir í félögum	0	5.205	0	5.470
	<u>4.869.392</u>	<u>5.205</u>	<u>3.248.297</u>	<u>5.470</u>

Fjárskuldir	31.12.2025		31.12.2024	
	Á afskrifuðu kostnaðarverði	Á gangvirði um rekstrareikning	Á afskrifuðu kostnaðarverði	Á gangvirði um rekstrarreikning
Viðskiptaskuldir og aðrar sk.skuldir.....	1.458.528	0	1.267.689	0
Skuldir við lánastofnanir ofl.	2.054.204	0	2.029.736	0
	<u>3.512.732</u>	<u>0</u>	<u>3.297.425</u>	<u>0</u>

Það er mat stjórnenda samstæðunnar að bókfært verð fjáreigna og fjárskulda samstæðunnar sé um það bil jafnt gangvirði þeirra. Samstæðan hefur ekki lagt mat á virði fjárfestinga í hlutabréfum óskráðra félaga þar sem samstæðan hefur hvorki yfirráð né veruleg áhrif. Um er að ræða óverulegar fjárhæðir.

Fjárhagsleg áhættustýring

Samstæðan stýrir fjármagni sínu þannig að það viðhaldi rekstrarhæfi sínu á sama tíma og það hámarkar arðsemi hagaðila með sem bestu jafnvægi á milli skulda og eigin fjár. Samstæðunni ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarks eiginfjárstöðu.

Stjórnendur samstæðunnar fylgjast með og greina fjárhagslegar áhættur í rekstri. Aðferðir vegna áhættustýringar eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi samstæðunnar. Eftirfarandi áhættur hafa verið greindar vegna fjármálagerninga.

Markaðsáhætta

Helstu áhættuþættir samstæðunnar eru breytingar á gengi gjaldmiðla, vaxtabreytingar og verðbólga. Markmið með stýringu markaðsáhattu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Gjaldmiðlaáhætta myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli. Áhættunni er stjórnað með eftirliti með þróun gjaldmiðla.

Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar sem mest áhrif hafa á rekstur samstæðunnar. Gengi þeirra og staða miðast við lokagengi tímabilsins.

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Skýringar

31. desember 2025:	Sölugengi í árslok		Breyting
	2025	2024	
EUR	147,79	144,40	2,3%
GBP	169,22	174,03	(2,8%)
DKK	19,791	19,360	2,2%
NOK	12,492	12,220	2,2%
USD	125,72	139,10	(9,6%)

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum:	Eignir	Skuldir	Hrein staða
Staðan 31. desember 2025	376.895	89.728	287.167
Staðan 31. desember 2024	178.563	130.113	48.450

Í töflunni hér á eftir er sýnt hver áhrif af 2,5% og 5% hækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi gjaldmiðlum á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gjaldmiðlaáættu. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendum gjaldmiðli er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.12.2025		31.12.2024	
	2,5%	5,0%	2,5%	5,0%
Áhrif á afkomu og eigið fé	5.743	11.487	969	1.938

Vaxtaáætla

Vaxtaáætla er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðstreymi fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Vaxtaáætla myndast þar sem að langtímaskuldir samstæðunnar bera fasta og breytilega vexti. Áhættunni eru stjórnað með eftirliti með vaxtaþróun og viðeigandi blöndu af lánum með föstum og breytilegum vöxtum.

Vaxtaáættan nær til vaxtaberandi eigna og skulda samstæðunnar. Vaxtaberandi eignir og skuldir samstæðunnar skiptast á milli fastra vaxta og breytilegra. Vaxtaberandi eignir og skuldir sem bera fasta vexti eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði. Breytingar á vöxtum sem leiða til breytinga á gangvirði þeirra eigna og skulda og hafa því ekki áhrif á bókfært verð. Vaxtabreytingar hafa áhrif á vænt sjóðstreymi af eignum og skuldum sem bera breytilega vexti.

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 2,5% og 5% punkta hækkun vaxta hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin endurspeglar þau áhrif sem koma fram í rekstrarreikningi og eigin fé án skattaáhrifa.

Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun vaxta hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.12.2025		31.12.2024	
	2,5%	5,0%	2,5%	5,0%
Áhrif á afkomu og eigið fé	58.371	116.742	29.207	58.413

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Skýringar

Verðbólguáhætta

Vaxtaberandi skuldir að fjárhæð 2.046 milljónir króna eru verðtryggðar miðað við vísitölu neysluverðs (2024: 2.022 milljónir) og hefur þróun neysluvísitölu því áhrif á bókfærða stöðu lánanna og sjóðstreymi tengt þeim. Hækkun verðbólgu um 1% yfir árið hefði lækkað afkomu samstæðunnar um 20,5 milljónir króna fyrir tekjuskatt (2024: 20,2 milljónir). Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar.

Útlánaáhætta

Í útlánaáættu felst áhættan á því að mótaðilar samstæðunnar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að samstæðan tapar á fjármálagerningum sínum. Samstæðan fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáættu. Nánari lýsingu á mati samstæðunnar á væntu útlánatapi vegna fjáreigna má finna í skýringum 27 (reikningsskilaaðferðir vegna virðisrýrnunar fjáreigna) og 13 (mat á niðurfærslu viðskiptakrafna). Samstæðan færir ekki niðurfærslu vegna krafna á tengda aðila þar sem útlánaáhætta er talin vera hverfandi. Hámarksútlánaáhætta samstæðunnar er sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að neðan.

Hámarksútlánaáhætta samstæðunnar er sú bókfærða staða sem er sundurliðuð hér að neðan:

	31.12.2025	31.12.2024
Skuldabréfaeign gagnvart tengdum aðilum	5.877	51.547
Kröfur á tengd félög	0	36.216
Viðskiptakröfur	1.948.260	1.710.546
Aðrar skammtímakröfur (án fyrirframgreiðslna)	2.588	41.200
Handbært fé	2.912.667	1.445.004
	<u>4.869.392</u>	<u>3.284.513</u>

Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er áhættan á því að samstæðan lendi í erfiðleikum við að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum í náinni framtíð. Samstæðan fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddaga fjáreigna og skulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur geta haft á samstæðuna.

Í töflunni hér að neðan eru fjárhæðir ekki núvirtar og sýna vænt sjóðsstreymi af höfuðstól og vöxtum.

Skuldir 31. desember 2025:	Innan	2029			
	árs	2027	2028	eða síðar	Samtals
Óvaxtaberandi	1.458.528	0	0	0	1.458.528
Með föstum vöxtum	122.482	115.418	117.590	2.617.291	2.972.781
Leiguskuldbinding	31.956	31.411	30.949	889.071	983.386
	<u>1.612.966</u>	<u>146.829</u>	<u>148.539</u>	<u>3.506.362</u>	<u>5.414.695</u>

Skuldir 31. desember 2024:	Innan	2028			
	árs	2026	2027	eða síðar	Samtals
Óvaxtaberandi	1.267.689	0	0	0	1.267.689
Með breytilegum vöxtum	3.478	0	0	0	3.478
Með föstum vöxtum	121.340	113.940	113.940	2.665.136	3.014.356
Leiguskuldbinding	54.489	54.654	52.979	966.855	1.128.976
	<u>1.446.996</u>	<u>168.594</u>	<u>166.919</u>	<u>3.631.991</u>	<u>5.414.499</u>

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Skýringar

24. Ábyrgðir, veðsetningar og önnur mál

Veðsetningar og skuldbindingar utan efnahagsreiknings greinast þannig á eignarflokka:

	Bókfært verð veðsettra eigna	Bókfært verð skulda
Sláturfélag Suðurlands svf. - fasteignir	2.856.084	2.046.715

25. Þóknun til endurskoðenda

Þóknun vegna endurskoðunar á samstæðuársreikningi og ársreikningum þeirra félaga sem mynda samstæðuna, ásamt könnun á árshlutareikningum á árinu 2025 er 26,9 milljónir króna (2024: 26,2 milljónir króna). Þóknun vegna annarrar þjónustu er 3,1 milljónir króna (2024: 2,1 milljónir króna).

26. Nýir og endurbættir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Félagið hefur innleitt alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu, breytingar á þeim og nýjar túlkningar sem gilda fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2025 eða síðar. Eftirfarandi endurbætur tóku gildi 1. janúar 2025:

- IAS 21 Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla
- Leiðbeiningar varðandi mat á skiptanleika gjaldmiðla og skiptagengi

Það er mat stjórnenda að innleiðing ofangreinds staðals og endurbóta á stöðlum hafi ekki haft veruleg áhrif á samstæðuársreikninginn.

Samstæðan hefur ekki innleitt eftirfarandi nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi fyrir reikningsárið 2025:

- IFRS 18 Framsetning og skýringar í reikningsskilum
- IFRS 19 Dótturfélög án almannaábyrgðar: Skýringar

Gildistaka:

1. janúar 2027
1. janúar 2027

Það er mat stjórnenda að innleiðing á IFRS 18 muni hafa áhrif á framsetningu upplýsinga í reikningsskilunum án þess að hafa áhrif á reikningshaldslegt mat. Evrópusambandið hefur ekki staðfest innleiðingu á IFRS 18 og IFRS 19 að svo stöddu, en búist er við staðfestingu á IFRS 18 á fyrsta ársfjórðungi ársins 2026. Þá er það jafnframt mat stjórnenda að innleiðing annarra staðla eða endurbóta á stöðlum í útgáfu sem ekki hafa tekið gildi muni hafa engin eða óveruleg áhrif á reikningsskilin.

27. Reikningsskilaaðferðir

Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreikninga móðurfélagsins og dótturfélaga þess. Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinninn sinn af fjárfestingunni. Samstæðan endurmetur á reikningsskiladegi hvort að yfirráð yfir fjárfestingu séu til staðar með tilliti til ofangreindra þátta.

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Skýringar

Rekstrarniðurstaða keyptra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í rekstrarreikningi og yfirliti um aðra heildarafkomu frá og með kaupdegi eða fram að söluþegi eftir því sem við á. Leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaganna eru gerðar þegar að nauðsynlegt þykir og reikningsskilaaðferðir þeirra aðlagðar að þeim sem samstæðan notar.

Markmið með gerð samstæðureikningsskila er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt við gerð reikningsskila.

Breytingar á eignarhlut í dótturfélögum

Breytingar á eignarhlut í dótturfélagi án þess að móðurfélag missi yfirráð eru færðar meðal eigin fjár. Viðeigandi breytingar eru gerðar á eignarhluta móðurfélags og minnihluta svo hlutdeild endurspegli réttan eignarhlut hvors aðila. Mismunur á bókfærðu verði eignarhluta minnihlutans sem breytist og gangvirðis gagngjaldsins er færður meðal eigin fjár.

Breytingar á eignarhlut í dótturfélagi sem verða til þess að móðurfélag missi yfirráð eru færðar í rekstrarreikning. Hagnaður eða tap er reiknað sem mismunur á gangvirði gagngjaldsins að viðbættu gangvirði eftirstæðs hluta að frádregnu bókfærðu verði eigna og skulda dótturfélagsins og hlutdeildar minnihluta. Þegar eignir dótturfélagsins eru færðar á endurmetnu verði eða gangvirði er uppsafnaður hagnaður eða tap sem fært hefur verið í yfirlit um aðra heildarafkomu endurflokkað yfir í rekstrarreikning eða á óráðstafað eigið fé eftir því sem við á. Eftirstæður eignarhlutur er í upphafi færður á gangvirði á þeim degi sem móðurfélagið missi yfirráð í samræmi við IAS 39 eða eftir því sem við á, á kostnaðarverði ef um er að ræða hlutdeildarfélag eða félag sem lýtur sameiginlegri stjórni.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjuskráning samstæðunnar endurspeglar það gagngjald sem samstæðan væntir að fá vegna sölu á vöru og þjónustu til viðskiptavinar. Samstæðan skráir tekjur þegar yfirráð yfir seldri vöru eða þjónustu flytjast yfir til viðskiptavinar.

Tekjur af vörusölu

Samstæðan selur matvæli, búvörur, áburð og fóður og eru helstu viðskiptavinir þess matvöruverslanir og kjötvinnslur auk bænda og mótuneyta. Tekjur af vörusölu eru almennt skráðar þegar vara hefur verið afhent og eignarréttur og yfirráð hafa flust til kaupanda.

Samstæðan tekur tillit til væntra vöruskila eftir reikningsskiladag byggt á sögulegri reynslu fyrri ára.

Arður

Arður af fjárfestingum er tekjufærður á því tímabili sem úthlutun er samþykkt.

Leigutekjur

Leigutekjur af rekstrarleigusamningum eru færðar línulega yfir samningstímann. Kostnaði sem tengist beint samningum og umsýslu vegna rekstrarleigu er bætt við bókfært verð hinnar leigðu eignar og hann er svo gjaldfærður línulega á leigutímanum. Samstæðan er ekki aðili að fjármögnunarleigusamningum sem leigusali.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Skýringar

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að samstæðan muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjáreignarinnar þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega með aðferð virkra vaxta yfir líftíma lánsins.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendri mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar í árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn samstæðunnar er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattseign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýfast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annað hvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignunum í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Verðmatshækkunarir vegna endurmats eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskattsáhrifum. Við sölu, afskriftir eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

Skýringar

Virðisrýrnun eigna annarra en fjáreigna

Á reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið til að unnt sé að ákvarða upphæð virðisrýrnunar (ef einhver er).

Endurheimtanlegt virði er annað hvort söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaprósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur samstæðan endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð eða afskrifað kostnaðarverð sé um eign með takmarkaðan líftíma að ræða. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

Til hlutdeildarfélaga teljast félög þar sem fjárfestir hefur veruleg áhrif á rekstrar- og fjármálastefnu. Félag er álitð hafa veruleg áhrif í öðru félagi ef það á 20% eða meira af atkvæðisrétti félagsaðila í því fyrirtæki, án þess að teljast hafa yfirráð. Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og annarra breytinga á eigin fé, og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi samstæðufélag gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefnikostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Dagverð er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu vara og áætluðum sölukostnaði.

Fjáreignir

Fjáreignir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjáreignir eru ekki metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. IFRS 9 skiptir fjáreignum sem eru innan efnissviðs IAS 39 í tvo flokka – annarsvegar fjáreignir skráðar á afskrifuðu kostnaðarverði og hinsvegar fjáreignir á gangvirði.

Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði

Fjáreign sem áætlað er að eiga til gjalddaga og samningsbundnar greiðslur á settum gjalddögum samanstanda einungis af afborgunum af höfuðstól og vöxtum, skal skrá á afskrifuðu kostnaðarverði nema gerningurinn sé skilgreindur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við gangvirðisheimildina. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru slíkar fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun. Fjáreignir samstæðunnar sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru viðskiptakröfur, aðrar skammtímakröfur og handbært fé.

Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Eignarhlutar í öðrum félögum þar sem samstæðan hefur ekki yfirráð eða veruleg áhrif eru metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Einnig er heimilt að meta slíkar fjárfestingar sem ekki eru veltufjáreignir eða óvísst gagngjald í yfirtöku í samræmi við IFRS 3 á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu, og telst slíkur flokkun endanleg.

Skýringar

Virkir vextir

Vaxtatekjur eru færðar miðað við virka vexti fyrir fjáreignir aðrar en þær sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar við upphaflega skráningu.

Virðisrýrnun fjáreigna

Virðisrýrnunarlíkan IFRS 9 byggir á væntu útlánatapi sem er breyting frá fyrri staðli IAS 39 sem aðeins gerði kröfu um að útlánatap yrði fært vegna liðinna atburða. Fjáreignir samstæðunnar sem falla undir gildissvið virðisrýrnunarlíkansins eru viðskiptakröfur, aðrar kröfur (að undanskildum fyrirframgreiðslum og afdráttarsköttum) og handbært fé.

Við mat á væntu útlánatapi fyrir viðskiptakröfur beitir samstæðan einfaldaðri nálgun. Sú nálgun krefst þess að samstæðan meti niðurfærslu sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma viðskiptakrafanna. Viðskiptakröfum samstæðunnar er skipt niður í flokka eftir þeim fjölda daga sem þær eru komnar fram yfir gjalddaga. Við mat á föstu niðurfærsluhlutfalli fyrir hvern flokk er horft til sögulegrar tapssögu samstæðunnar, leiðréttri fyrir framtíðarvæntingum um efnahagslega þróun ef þörf er á. Samstæðan framkvæmir framangreint mat niður á einstaka viðskiptavini eða hópa viðskiptavina ef reynsla sýnir verulega frábrugðið tapmynstur fyrir ákveðna viðskiptavini eða hópa viðskiptavina. Í einhverjum tilfellum getur það leitt til frávíks frá metnu hlutfalli niður á hópa fyrir einstaka viðskiptamenn. Sjá nánari umfjöllun um mat á væntu útlánatapi fyrir viðskiptakröfur í skýringu 13.

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir, sem hafa orðið, hafa áhrif á vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar og hægt er að meta virðisrýrnun með áreiðanlegum hætti. Samstæðan færir sértæka niðurfærslu fyrir fjáreignir þar sem hlutlæg vísbending er um virðisrýrnun.

Breytingar á virðisrýrnunarframlagi fjáreigna í afskriftareikning eru færðar í rekstrarreikning á því tímabili sem matið fer fram. Virðisrýrnun er bakfærð ef unnt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti við atburð sem átt hefur sér stað eftir að virðisrýrnun var færð.

Afskráning fjáreigna

Samstæðan afskráir fjáreignir þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhætta og ávinningur af fjáreigninni flyst yfir á annan aðila.

Fjárskuldir

Fjárskuldir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Samstæðan afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar. Hagnaður eða tap vegna afskráninga eru færð í rekstrarreikning.

Leigusamningar

Við upphaflega skráningu metur samstæðan hvort samningur teljist vera leigusamningur eða innihaldi leigusamning. Samstæðan skráir nýtingarrétt til eignar og samsvarandi leiguskuldbindingu vegna allra leigusamninga, nema skammtímaleigu (til skemmri tíma en 12 mánaða) og fyrir leigueignir með lágt virði, þar sem leigugreiðslur eru færðar línulega á meðal rekstrargjalda yfir leigutímann.

Leiguskuldbinding og nýtingarréttur af leigueign eru upphaflega metin á núvirði framtíðarleigugreiðslna. Leigugreiðslur eru núvirtar með innbyggðum vöxtum í samningi, eða ef þeir eru ekki aðgengilegir, með vöxtum af viðbótarlánsfé. Leiguskuldbinding samanstendur af föstum greiðslum auk breytilegra greiðslna vegna vísitölu, vænts hrakvirðis og

Skýringar

kauprétt á leigueignum ef líklegt er talið að þeir verði nýttir, og að frádregnum leiguhvötum. Leigugreiðslur skiptast í vaxtagjöld og greiðslur af höfuðstól sem koma til lækkunar á leiguskuldbindingu. Samstæðan endurmetur leiguskuldbindingu ef leigutímabil breytist, ef leigugreiðslur breytast vegna vísitölutengingar eða þegar breytingar eru gerðar á leigusamningi sem ekki leiða til þess að nýr leigusamningur er skráður.

Leigueignir eru afskrifaðar á því sem styttra reynist af líftíma leigusamnings eða leigueignar. Ef leigusamningur leiðir til eigendaskipta eða ef bókfært verð nýtingarréttar af leigueign felur í sér kauprétt á viðkomandi leigueign, þá er nýtingarrétturinn afskrifaður á líftíma leigueignarinnar. Nýtingarréttur vegna leigueignar er afskrifaður frá upphafsdegi leigusamnings. Breytilegar leigugreiðslur sem eru ekki vísitölutengdar eru ekki hluti af leiguskuldbindingu eða nýtingarrétti leigueignar, heldur gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söluðegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárústreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.



Viðauki: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Um Sláturfélag Suðurlands

Sláturfélag Suðurlands svf. („félagið“) er samvinnufélag, í eigu búvöruframleiðenda á félagssvæði sínu og almennra hluthafa. Félagið starfar á grundvelli laga um samvinnufélög nr. 22/1991. Félagssvæði Sláturfélagsins samkvæmt samþykktum er Vestur-Skaftafellssýsla, Austur-Skaftafellssýsla austur að Jökulsá á Breiðamerkursandi, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Kjósar- og Gullbringusýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrarsýsla, Snæfells- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla auk bæja og kaupstaða innan framangreindra svæða. Tilgangur félagsins er samkvæmt samþykktum, að annast slátrun, úrvinnslu og sölu á framleiðslu félagsmanna. Félagið flytur einnig inn vörur og stundar aðra verslun eftir því sem það styrkir sölu á framleiðslu félagsins. Með hliðsjón af tilgangi félagsins og stöðu þess er höfuðmarkmið félagsins að vera leiðandi matvælafyrirtæki sem starfar á heildsölustigi og dreifir vörum á landsvísi. Félagið starfar á þremur sviðum, slátrun, kjötiðnaði og innflutningi. Sláturfélag Suðurlands er með höfuðstöðvar að Fosshálsi 1, Reykjavík. Að Fosshálsi eru auk skrifstofu, markaðs- og söludeildir. Á Hvolsvelli er meginhluti kjötiðnaðar staðsettur ásamt frystihúsi og vörudreifingu kjötvara. Félagið rekur sláturstöð á Selfossi ásamt úrbeiningu á kjöti og pökkunarstöð. Félagið á tvö dótturfélög, Reykjagarð hf. og Holtt og gott ehf. Reykjagarður framleiðir og selur kjúklingaafurðir m.a. undir Holta vörumerkinu. Holtt og gott ehf. er leiðandi aðili í framleiðslu á salati og grænmeti í neytendapakningum. Sláturfélag Suðurlands er skráð á First North hjá NASDAQ OMX.

Umhverfismál

Félagið leggur áherslu á að starfsemi þess sé í sátt við umhverfið. Félagið er að stórum hluta í eigu bænda sem leggja inn afurðir sínar til úrvinnslu og markaðssetningar. Frammistaða íslensks landbúnaðar með tilliti til náttúruverndar er því samvinnuð ímynd félagsins. Félagið hefur vistvæn sjónarmið að leiðarljósi í starfsemi sinni með tilliti til umhverfis og framleiðslu. Hlutdeild innlendrar framleiðslu skal styrkt og viðhaldið með áherslu á hreinleika, faglega og vistvæna ímynd. Til að framfylgja gæðastefnu fyrirtækisins er einstökum einingum þ.e. deildum, hópum og/eða starfsmönnum sett markmið í gegnum umhverfisstefnu félagsins.

Félagið hefur innleitt vélvætt skráningarkerfi til að fylgjast með og mæla kolefnisspor sitt og eiga þess kost að gera umhverfisskýrslu og setja sér mælanleg markmið í umhverfismálum.

Umhverfisstefnan er hluti af gæðastefnu félagsins og felur í sér að starfsemi þess skal vera í sátt við umhverfið og hafa eins lítil skaðleg áhrif og kostur er. Í þessu felast eftirfarandi meginþættir:

Nýting afurða

Stefnt er að fullnýtingu afurða þannig að gera megir allar afurðir að verðmætum eða koma þeim í endurnýjanlegan farveg sem skapar hringrás efna. Sjúkdómavarnir setja takmarkanir á endurnýtingu nokkurra afurða en stefnt er að 85-90% nýtingarhlutfalli.

Umbúðir

Umbúðanotkun félagsins tekur mið af tvennu. Annars vegar skal nota margnota umbúðir alls staðar sem hægt er til að minnka soun og úrgang. Í þessu skyni eru notaðir margnota plastkassar við vörudreifingu svo dæmi sé tekið. Hins vegar skulu þær umbúðir sem notaðar eru vera endurvinnanlegar ef þess er kostur.

Lágmörkun á pappírnotkun

Félagið hvetur viðskiptavinum til pappírslausra viðskipta og býður upp á fjölmargar lausnir sem minnka eða gera útprentun á pappír ónauðsynlega.

Mengun

Tiltækar aðferðir skulu notaðar til að draga úr mengun frá starfsemi félagsins. Þetta gildir jafnt um frárennsli, úrgang og loftmengun. Í þessu skyni eru m.a. síur á frárennsli og úrgangur lágmarkaður. Í vörudreifingu er sett lágmark á stærð sendinga til að ekki sé verið að senda stóra flutningabíla um vegi landsins með lítið magn sem veldur óþarfa mengun og slyshættu.

Viðauki: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Flokkun úrgangs

Félagið flokkar úrgang sem kemur frá starfsemi sinni til að endurnýta megi þann hluta sem er endurnýtanlegur.

Útlit stöðva

Starfsstöðvar félagsins skulu vera snyrtilegar og falla vel að umhverfinu og bera með sér að þar fer fram hágæða matvælaframleiðsla.

Samfélagsmál

Félaginu er treyst til að framleiða og dreifa matvælum til neytenda. Þessu trausti fylgir sú ábyrgð að vanda til verka, standa undir nafni og styðja og styrkja það álit sem félagið nýtur á markaði. Gott mannorð starfsfólks og fyrirtækis er gulls ígildi. Í allri starfsemi eru gæði höfð að leiðarljósi með það að markmiði að gera hvern hlut aðeins einu sinni og gera hann rétt.

Matvælaframleiðsla leggur mikla ábyrgð á herðar þeirra fyrirtækja sem hana stunda. Sláturfélag Suðurlands leggur metnað sinn í að standa undir þeirri ábyrgð og tryggja viðskiptavinum vörugæði í samræmi við væntingar. Til að ná þessu eru settar fram strangar gæðakröfur til að tryggja framleiðsluöryggi. Til að ná settum markmiðum nýtir félagið sér hugmyndafræði altæktrar gæðastjórnunar í samfelldri og viðvarandi endurskoðun á rekstri félagsins. GÁMES gæðakerfum hefur verið komið á í öllum framleiðsludeildum og er það í samræmi við áform félagsins um að tryggja neytendum öruggar matvörur.

Félagið styrkir ungmenna- og íþróttastarf á félagssvæðinu eftir föngum. Einnig er myndarlegur stuðningur veittur til Samhjalpar sem aðstoðar þá sem minna mega sín.

Starfsmannamál

Stefna félagsins er að hafa á að skipa framúrskarandi fólki sem hefur metnað og ábyrgð sem þarf til að framleiða og selja öðrum matvæli og halda leiðandi stöðu. Að skapa starfsfólki umgjörð til að það megi vaxa í starfi, njóta hæfileika sinna og fá sanngjarna umbun fyrir.

Starfsmannastefna

Starfsmannastefna SS er hluti af heildarstefnu fyrirtækisins og inniheldur afstöðu fyrirtækisins í starfsmannatengdum málum. Félagið keppir á grundvelli gæða og þjónustu og vill byggja á góðu og áhugasömu starfsfólki.

Til að ná markmiðum sínum mun fyrirtækið:

- Tryggja eins og hægt er góða vinnuáðstöðu fyrir starfsfólkið.
- Fyllsta jafnréttis skal gætt milli kvenna og karla og að hver starfsmaður verði metinn á eigin forsendum óháð kyni.
- Þjóða næringarrikan mat í mötuneytum sínum og stuðla að réttu mataræði, réttri hreyfingu og góðri heilsu og líðan starfsfólks.
- Stuðla að góðri samvinnu starfsfólks á öllum stjórnunarþrepum fyrirtækisins.
- Greiða samkeppnishæf laun fyrir sambærileg störf.
- Verðlauna frumkvæði og hugmyndir sem leiða til sparnaðar í rekstri.
- Þjóða þjálfun og stöðuhækkanir hæfum starfsmönnum og stuðla þannig að vexti og þroska í starfi í samræmi við hæfileika hvers og eins.
- Þjóða tímabundin störf í öðrum deildum til að auka skilning og bæta samvinnu starfsfólks.
- Leitast við að samræma óskir hvers starfsmanns við þarfir fyrirtækisins og leggja á þann hátt grundvöll að árangursríku samstarfi.

Viðauki: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Jafnlaunastefna Sláturfélags Suðurlands

Stefna Sláturfélags Suðurlands er að allir starfsmenn njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar. Jafnlaunakerfið nær til alls starfsfólks félagsins. Forstjóri ber ábyrgð á að jafnlaunakerfi Sláturfélags Suðurlands standist lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Starfsmannastjóri er fulltrúi stjórnenda varðandi jafnlaunakerfi og er ábyrgur fyrir innleiðingu og viðhaldi þess í samræmi við staðalinn ÍST 85:2012.

Sláturfélag Suðurlands skuldbindur sig til að:

- Innleiða vottað jafnlaunakerfi, skjalfesta og halda við.
- Fylgja viðeigandi lögum og reglum sem í gildi eru á hverjum tíma.
- Framkvæma árlega launagreiningu þar sem borin eru saman sömu eða jafnverðmæt störf til að ganga úr skugga um hvort kynbundinn launamunur sé til staðar.
- Kynna starfsmönnum niðurstöður launagreiningar hvað varðar kynbundinn launamun.
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Gera innri úttekt og halda rýni stjórnenda árlega.
- Birta stefnuna á innri vef og kynna hana öllu starfsfólki.
- Stefnan sé aðgengileg almenningi á vefsíðu sinni.
- Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti af launastefnu Sláturfélags Suðurlands.

Sláturfélag Suðurlands, móðurfélag og Reykjaragður eru með jafnlaunavottun. Dótturfélagið Holt og gott heyrir undir sama vottunarkerfi og Sláturfélagið en vegna smæðar félagsins er hægt að óska eftir jafnlaunastaðfestingu frá Jafnréttisstofu í stað jafnlaunavottunar. Gerðar hafa verið tilskildar skýrslur og greiningar fyrir félagið og öll gögn hafa verið send til Jafnréttisstofu en beðið er eftir svörum og staðfestingu frá þeim. Gert er ráð fyrir að staðfesting frá Jafnréttisstofu liggi fyrir á árinu 2026.

Persónuvernd

Félagið hóf vinnu við skráningu ferla gagnvart auknum kröfum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þann 27. apríl 2016 skrifuðu forsetar Evrópuþingsins og -ráðsins undir nýja evrópska persónuverndarlöggjöf sem kom til framkvæmda í Evrópu 25. maí 2018. Vernd persónuupplýsinga er hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og var Ísland því skuldbundið til þess að leiða hina nýju löggjöf í íslenskan rétt. Ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 tóku gildi á Íslandi 15. júlí 2018. Með lögunum var leidd í íslenskan rétt persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins. Félagið hefur innleitt reglur um meðferð persónuupplýsinga sem og stefnu í persónuverndarmálum. Jafnframt innleitt reglur um verklag við uppljóstrun starfsmanna um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi. Þessar reglur eru aðgengilegar starfsmönnum sem og almenningi á heimasíðu félagsins.

Spilling-, mútur- og mannréttindamál

Stjórn félagsins leitast við að viðhalda stjórnarháttum og fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út. Leiðbeiningar Kauphallarinnar um stjórnarhætti fyrirtækja taka ekki að öllu leyti tillit til starfshátta samvinnufélaga sem eru í sumum veigamiklum atriðum ólík hlutafélögum. Af þessum sökum fylgir SS ekki að öllu leyti leiðbeiningum Kauphallarinnar um stjórnarhætti fyrirtækja. Stjórnin hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra.

Félagið virðir almenn mannréttindi, rétt allra til félagafrelsis og til kjarasamninga. Áhersla er lögð á að verktakar og undirverktakar fari eftir gildandi lögum í landinu er varðar alla sína starfsmenn, sama hvort það eru þeirra launþegar eða eigin undirverktakar.

Félagið hefur ekki sett sér skrifleg viðmið um spillingu-, mútur- og mannréttindamál en vinna við það er komin af stað og lýkur væntanlega á árinu 2026.

Stjórnarhættir

Sláturfélag Suðurlands svf. (SS) er samvinnufélag. Um félagið gilda lög um samvinnufélög.¹ Leiðbeiningar Kauphallarinnar um stjórnarhætti fyrirtækja taka ekki að öllu leyti tillit til starfshátta samvinnufélaga sem eru í sumum veigamiklum atriðum ólík hlutafélögum. Af þessum sökum fylgir SS ekki að öllu leyti leiðbeiningum Kauphallarinnar um stjórnarhætti fyrirtækja.

Félagsfundir

Félagsfundir hafa æðsta vald í málefnum félagsins með þeim hætti sem lög og samþykktir SS ákveða. Til félagsfunda, þ.m.t. aðalfunda þarf að boða með minnst 14 daga fyrirvara og skal dagskrá fundarins getið í fundarboði.

Stjórn skal auglýsa með opinberum hætti eftir framboðum til stjórnar og varastjórnar með lok framboðsfrests þremur vikum fyrir félagsfund þar sem stjórnarkjör fer fram. Stjórn skal tilkynna aðalfundarfulltrúum með auglýsingu eða dreifibréfi (rafpósti) um hverjir eru frambjóðendur til stjórnar og varastjórnar ekki síðar en tveimur vikum fyrir félagsfund þar sem stjórnarkjörið fer fram. Á félagsfundi þar sem stjórnarkjör er á dagskrá, er ávallt heimilt að tilnefna fólk til stjórnarstarfa sem ekki er á auglýstum framboðslista allt þar til sjálf kosningin fer fram.

Í fundarboði kemur ekki fram tillaga um fundarstjóra enda ekki til staðar sérstök tilnefningarnefnd. Fundargerðir félagsfunda eru sendar fulltrúum sem sitja félagsfundi. Fulltrúar hafa einir atkvæðisrétt á félagsfundi.²

Stjórn

Stjórn SS ræður öllum málum félagsins milli félagsfunda samkvæmt lögum og samþykktum félagsins. Stjórnin gætir þess að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu horfi og að nægjanlegt eftirlit sé með bókhaldi og fjármunum. Stjórn SS er skipuð fimm aðalmönnum og fimm varamönnum. Skulu þeir kosnir á aðalfundi úr hópi félagsmanna til eins árs í senn. Í aðal- og varastjórn skal hlutfall hvors kyns fyrir sig ekki vera lægra en 40%.³ Vegna eðlis SS sem samvinnufélags eru stjórnarmenn jafnframt innleggiendur afurða og þar með félagsmenn.

Formaður félagsstjórnar stýrir stjórnarfundum. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Ef atkvæði eru jöfn, telst meirihluti þeim megin sem atkvæði formanns er. Stjórn dótturfélagsins Reykjagarðs hf. er skipuð tveimur af stjórnarmönnum SS en alls skipa þrír stjórn félagsins. Stjórn dótturfélagsins Holtt og gott ehf. er skipuð tveimur af stjórnarmönnum SS en alls skipa fjórir stjórn félagsins.

Stjórn SS og dótturfélög þess, Reykjagarður hf. og Holtt og gott ehf. hafa sett sér starfsreglur sem byggja á leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Í starfsreglunum er fjallað nánar um hlutverk og störf stjórna félaganna.

Upplýsingar um áhættustýringu er að finna í skýringu 23 í ársreikningi þar sem m.a. kemur fram að stjórnendur samstæðunnar fylgjast með og greina fjárhagslegar áhættur í rekstri samstæðunnar. Í skýringu 23 er einnig greining á áhættu tengdri fjármálagerningum.

Forstjóri

Forstjóri er ráðinn af stjórn SS og annast hann daglegan rekstur félagsins í samræmi við stefnu og fyrirmæli félagsstjórnarinnar og félagsfundar.⁴ Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar getur forstjóri aðeins gert með samþykki stjórnarinnar. Það er jafnframt hlutverk forstjóra að starfsemi félagsins sé í samræmi við samþykktir félagsins og gildandi löggjöf þannig að hagsmunir félagsins séu hafðir að leiðarljósi.

¹ Lög um samvinnufélög nr. 22/1991.

² 23. gr. samþykkt Sláturfélags Suðurlands svf.

³ 27. gr. samþykkt Sláturfélags Suðurlands svf., sjá nánar skilyrði.

⁴ 29. gr. samþykkt Sláturfélags Suðurlands svf.

Stjórnarhættir

Endurskoðendur, kjörnir skoðunarmenn og endurskoðunarnefnd

Á aðalfundi SS er kjörinn löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfélag og var Deloitte hf. kjörinn endurskoðandi félagsins. Deloitte hf. er jafnframt endurskoðandi dótturfélaganna, Reykjagarður hf. og Holtt og gott ehf.

Á aðalfundi SS eru einnig kjörnir skoðunarmenn til tveggja ára í senn og ganga þeir út sitt hvort árið. Á sama hátt eru kjörnir tveir skoðunarmenn til vara. Skoðunarmenn skulu vera úr hópi félagsaðila utan stjórnar. Skoðunarmenn skulu yfirfara rekstur félagsins og ársreikning, fylgjast með að innra eftirlit í rekstri félagsins sé í góðu lagi og fylgjast með framkvæmd samþykkt félagsfunda og stjórnar. Þeir gefa aðalfundi skýrslu um störf sín.

Stjórn SS skipaði endurskoðunarnefnd á árinu 2009 og setti henni starfsreglur en endurskoðunarnefndin er undirnefnd stjórnar. Endurskoðunarnefndina skipa skoðunarmenn félagsins og einn stjórnarmaður. Með þessu hefur starfssvið kjörinna skoðunarmanna verið fært inn í endurskoðunarnefndina, sem starfar sem samskiptaaðili milli stjórnar félagsins, stjórnenda og ytri endurskoðenda. Meginverkefni nefndarinnar er að aðstoða stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður og hlutlægur aðili sem hefur eftirlit með reikningsskilaferli félagsins og innra eftirliti hans ásamt störfum ytri og innri endurskoðenda félagsins.

Aðrar nefndir

Á aðalfundi SS er kosin nefnd sem hefur það hlutverk að leggja fram tillögu að launum stjórnar, skoðunarmanna og greiðslur til fulltrúa á félagsfundum. Sérstök starfskjaranefnd með víðtækara hlutverk hefur ekki talin vera ástæða til að skipa þar sem stjórn félagsins ræður forstjóra félagsins og ákveður kjör hans. Forstjóri ræður aðra starfsmenn. Þó skal forstjóri hafa samráð við stjórn félagsins um ráðningu starfsmanna í stjórnunarstöður.

Ekki hefur verið skipuð sérstök tilnefningarnefnd til að koma með tilnefningu stjórnarmanna þar sem samþykktir félagsins kveða á um að þeir skulu kosnir á aðalfundi úr hópi félagsmanna til eins árs í senn.⁵

⁵ Í mgr. 27. gr. samþykkt Sláturfélags Suðurlands svf.

Stefnulýsing og starfshættir

„SS er leiðandi matvæla fyrirtæki sem framleiðir og selur matvörur og vörur tengdar matvörum á heildsölustigi. Leiðandi staða skal varin með því að bjóða viðskiptavinum vörur sem skara fram úr á markaði og eru einn af þremur leiðandi valkostum í hverjum flokki. Hagnaður af rekstri og góð mynd er grundvöllur forystu svo félagið sé hverju sinni „Fremst fyrir bragðið“ í huga viðskiptavina.“

Starfshættir

Í samræmi við tilgang og stefnu félagsins hafa verið skilgreindir lykil starfshættir eða gildi sem félagið leggur til grundvallar í starfsemi og samkeppni á markaði. Tilgangur skilgreindra starfshátta er að varða þá leið sem félagið fer til árangurs og velgengni.

Starfsháttunum er skipt í eftirfarandi fimm þætti:

Frumkvæði

Til að halda forystu á markaði þarf frumkvæði til að gera nýja hluti og vera leiðandi. Á markaði látum við hlutina gerast með nýjum vörum, nýrri þjónustu og bjóðum viðskiptavinum okkar verðmæti í viðskiptum sem taka fram því sem keppinautar bjóða. Með þeim hætti einum getum við tryggt stöðu okkar.

Inn á við höfum við frumkvæði til að gera sífellt betur; jafnt stjórnendur sem og annað starfsfólk. Ekkert er gert eingöngu af því að það hafi alltaf verið gert eins áður. Umhverfið breytist í sífellu og við þurfum að breytast með og á undan öðrum. Það eina sem breytist ekki er þörfin á sífelldri endurskoðun og sífelldum breytingum.

Við höfum frumkvæði til að leita nýrra leiða til að auðvelda okkur verkin og skapa aukin verðmæti starfsfólki og fyrirtæki til góða.

Samvinna

Heildin er sterkari en einstaklingarnir. Með því að vinna saman að sameiginlegu markmiði náum við árangri. Fyrirtækið er óslitin keðja þar sem reynir á hvern hlekk. Samvinna deilda og samvinna starfsfólks skapar árangursríkan og skemmtilegan vinnustað. Starfsfólk stefnir fram á við og vilja vaxa í starfi og njóta til þess samvinnu og stuðnings fyrirtækisins.

Í keppni á markaði erum við metin sem heild og það er frammistaða heildarinnar sem skiptir höfuðmáli gagnvart viðskiptavinum.

Gæði

Okkur er treyst til að framleiða og dreifa matvælum til neytenda. Þessu trausti fylgir sú ábyrgð að vanda til verka, standa undir nafni og styðja og styrkja það álit sem við njótum á markaði. Gott mannorð starfsfólks og fyrirtækis er gulls ígildi. Í allri starfsemi höfum við gæði að leiðarljósi með það að markmiði að gera hvern hlut aðeins einu sinni og gera hann rétt.

Þjónusta

Þjónusta snýst um að viðskiptavinir fái vörur með réttum hætti, að samskipti þeirra við félagið séu ánægjuleg og árangursrík og að mætt sé þörfum þeirra innan þeirra marka sem félagið setur sér. Þjónusta lýtur einnig að því að sjá fyrir þarfir viðskiptavina og bjóða þeim með þeim hætti aukin verðmæti í viðskiptum við félagið.

Þjónusta snýr einnig inn á við að eigendum og samstarfsfólki, styrkir samvinnu og gerir kröfu um gagnkvæma virðingu í samskiptum jafnt inn á við sem út á við.

Ráðdeild

Við sýnum ráðdeild í rekstri og bruðlum ekki með fjármuni félagsins. Vinnuumhverfi og búnaður skal uppfylla ströngustu kröfur en ekki vera ofhlaðið eða bera með sér íburð. Samstarfsmenn, eigendur og viðskiptavinir skulu sjá á öllu framferði okkar að vel sé farið með fjármuni. Hagkvæmni og ráðdeild skapa virðingu.

Félagsdeildir og formenn 31.12.2025

ÖRÆFADEILD	Gunnar Sigurjónsson, Litla-Hofi
HÖRGSLANDSDEILD	Rúnar Þorri Guðnason, Keldunúpi
KIRKJUBÆJARDEILD	Sverrir Gíslason, Kirkjubæjarklaustri 2
SKAFTÁRTUNGUDEILD	Bergur Sigfússon, Austurhlíð
ÁLFTAVERS- OG MEÐALLANDSDEILD	Guðbrandur Magnússon, Syðri-Fljótum
HVAMMSDEILD	Jónas Erlendsson, Fagradal
DYRHÓLADEILD	Einar Magnússon, Norður-Hvoli
A-EYJAFJALLADEILD	Guðni Ingólfsson, Dranghlíðardal
V-EYJAFJALLADEILD	Guðbergur Baldursson, Fitjamýri
A-LANDEYJADEILD	Axel Þór Sveinbjörnsson, Hólmum
V-LANDEYJADEILD	Brynjólfur Bjarnason, Lindartúni
FLJÓTSHLÍÐAR- OG HVOLHREPPSDEILD	Kristinn Jónsson, Staðarbakka
RANGÁRVALLADEILD	Guðmundur Ómar Helgason, Lambhaga
HOLTA- OG LANDMANNADEILD	Stefán Sigurðsson, Þjóðólfshaga
ÁSA- OG DJÚPÁRDEILD	Brynja J. Jónasdóttir, Laufbrekku
GAULVERJABÆJARDEILD	Stefán Geirsson, Gerðum 2
ÁRBORGARDEILD	Ólafur Már Ólafsson, Holti I
HRAUNGERÐISDEILD	Geir Gíslason, Stóru-Reykjum
VILLINGAHOLTSDEILD	Þorsteinn Logi Einarsson, Egilsstaðakoti
SKEIÐADEILD	Hermann Þór Karlsson, Efri-Brúnavöllum I
GNÚPVERJADEILD	Gylfi Sigríðarson, Háholti
HRUNAMANNADEILD	Jóhanna Bríet Ingólfssdóttir, Hrafnkelsstöðum I
BISKUPSTUNGNADEILD	Kjartan Sveinsson, Bræðratungu
LAUGARDALSDEILD	Guðný Grímsdóttir, Ketilvellir
GRÍMSNESDEILD	Björn Snorrason, Björk 2
ÞINGVALLA- OG GRAFNINGSDEILD	Ólöf Björg Einarasdóttir, Heiðarbæ I
ÖLFUSDEILD	Halldór Guðmundsson, Nautafliötum
KJÓSARDEILD	Guðmundur H. Davíðsson, Miðdal
HVALFJARÐARDEILD	Guðbjartur Stefánsson, Bjarkarási I0
BORGARFJARÐAR- OG MÝRADEILD	Jómundur G. Hjörleifsson, Heggstöðum
DALADEILD	Unnsteinn Hermannsson, Leiðólfstöðum
SNÆFELLS- OG HNAPPADALSDEILD	Magnús Kristjánsson, Snorrastöðum



Sláturfélag Suðurlands svf
Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík